

ÖRIÐ Á ENNI BJÖRNS
INGA BITINN AF
HUNDI Í ÆSKU



BRÍET SUNNA
KOMIN MEÐ
KÆRASTA



UNGFRÚ ÍSLAND
TYSON-KJÓLLINN
KEPPIR AFTUR



hér & nú

Fimmtudagur 18. maí 2006 - 19. töl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur



SAMÚEL ÖRN OG ÁSTA B



JÓN ÓLAFSSON

OG HILDUR VALA



ÓVÆNT GIFTING
Í GARÐINUM

EIGA VON Á BARNI

EUROVISION



EINAR OG ÁSLAUG THELMA



BIRKIR JÓN



SJÁIÐ SILVÍU

Á FÖSTU MEÐ
FRAMSÓKNARKONU

EIGNUÐUST STÚLKU

Í AÐENU

ISSN 1670-598X



Stórleikur Pepsi & BT





**SKORRÆDU
MED PEPSI**



Frí sólgleraugu

í þínum styrkleika (gler og umgjörð) ef þú kaupir gleraugu með styrkleika hjá okkur.



augastaður

færir þér nýja sýn!

Gjáin, Kópavogi • JL-húsið, Hringbraut, Reykjavík • Apótekarinn, Akureyri

hér & nú



STJÖRNUFRÉTTIR

6-7 Jón Ólafs og Hildur Vala: Eiga von á sínu fyrsta barni saman.

8 Bríet Sunna: Idol-stjarnan er gengin út.

10 Einar Bárðarson: Orðinn pabbi.

11 Þingmaðurinn Birkir Jón Jónsson: Genginn út.

12-13 Flottasta partí ársins: Í lóðhúsinu þann 27. maí.

14-17 Innlendir molar: Fréttir af íslensku fólki og því sem það hefur fyrir stafni.

18-19 Heitasta Hollywood-slúðrið.

20 Tyson-kjöllinn: Keppir aftur í Ungfrú Íslandi.

22-23 Hvað er að fréttu af Birgittu Haukdal.

LÍFSSTÍLL

25-29 Sívía Nótt: Gerir allt vitlaust í Aþenu.

30-31 Ungfrú Ísland: Stelpurnar skemmtu sér saman.

32-33 Bjargráð Berglindar.

34 Listahátíð í Reykjavík: Brasilískur ballett.

36-37 Bransasagan: Logi Ólafs rifjar upp góðar stundir.

38 Taktu prófið: Hversu djörf ertu?

40-41 Hvert fer fræga fólkið í sumarfríinu?

42-43 Fataskápurinn: Margrét Gauja opnar fataskápinn sinn.

ALVÖRU FÓLK

45 Björn Ingi: Útskýrir hvernig hann fékk örið.

45-47 Vala Steinsdóttir: Hannar fyrir Nike.

48-51 Samúel Örn Erlingsson: Gifti sig í afmæli konunnar.

52-53 Stuðningsmenn FH.

54-55 Sirrý segir: Sumarfrí á Laugaveginum.

56 Guðmundur Rúnar: Með digital sýningu í Rússlandi.

58-59 Á móti sól: Strákarnir tóku upp nýtt myndband.

60-61 Oxford: Bróðir Hanna Bach líka í hljómsveit.

62 10 hlutir sem þú vissir ekki um Þorgeir Ástvaldsson.

64 Spurðu vin þinn: Skemmtilegasta spurningakeppnin.

65 Skopmyndin.

66 Krossgáta vikunnar

68 Hér & nú-stúlkan.



6-7



25-29



48-51



30-31



11



NÝTT Á DVD

KOMA Í VERSLANIR OG Á LEIGUR 18. MAÍ

SAMMYNDIR



Barn á leiðinni
Jón Ólafsson og
Hildur Vala eiga
von á barni.

**Idol-
barn!**

Par síðasta árs Jón Ólafsson og Hildur Vala Idol- stjarna.

Tónlistarparið Jón Ólafsson og Hildur Vala Einarsdóttir á von á barni. Mun Hildur Vala vera komin nokkra mánuði á leið en ekki er vitað nánar hvenær von er á barninu. Samband Jóns og Hildar Völu vakti nokkra athygli er fjölmiðlar greindu frá því í ágúst í fyrra.

„Já, ég staðfesti það að við erum að hittast,“ sagði Jón Ólafsson í samtali við DV og furðaði sig á því að ekki hefði verið skrifað um þetta fyrr. Þau kynntust þegar Hildur Vala tók þátt í, og vann, Idol - Stjörnuleitina. Þá aðstoðaði Jón keppendur á loka-sprettinum en þau tóku síðan saman upp plötu eftir Idolið. Fljótlega fór sambandið að verða meira enn tónlistarlegs eðlis og hafa þau verið óaðskiljanleg síðan.

Jón hefur lengi verið talinn einn kynþokkafyllsti karlmaður landsins en 19 ára aldursmunur er á parinu. „Ástin spyr hvorki um stétt né stöðu, er það?“ sagði Jón Ólafsson í samtali við Hér & nú fljótlega eftir að upp komst um sambandið.

Þetta er fyrsta barn Hildar Völu en Jón á tvö börn af fyrra hjónabandi. Ekki náðist í Jón

Ólafsson eða Hildi Völu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Platan Jón Ólafsson
tók upp fyrstu plötu
Hildar Völu.

Texti: Breki Logason

EIGA VON Á BARNI



Spila saman Þaríð hefur ferðast um landið og spilað saman.

Ástfangin Ástin kviknaði hjá Jóni og Hildi Völu síðasta sumar.



STRA

HVELLUR.com
... í öllum grænum



KILDEMOES'

G. Tómasson ehf • Súðavogi 6
• sími: 577 6400 • www.hvellur.com
• hvellur@hvellur.com

Idolstjarnan úr
Keflavík byrjuð
að slá sér upp.

Sumarást!

FÉLL FYRIR DYRAVERÐIÐ INUM

Idolstjarnan Bríet Sunna Valdemarsdóttir er byrjuð að slá sér upp. Sá heppni heitir Gísli Þór Þórarinsson og er verkamaður í Reykjanesbæ. Um helgar vinnur hann svo á skemmtistaðnum H-Punktinum, sem fjölskylda Bríetar á og rekur.

Gestir staðarins hafa undanfarið tekið eftir því að samband Bríetar og Gísla hefur verið að færast smátt og smátt á hærra stig, því oft hefur það reynst þeim erfitt að leynd tilfinningum sínum þegar þau eru saman í vinnunni á H-Punktinum. Skötu hjúin er samt þögn sem gröfin um sambandið og segir Gísli að aðeins sé um góða vináttu að ræða.

Nóg hefur verið að gera hjá Bríeti síðan hún lauk keppni í Idolinu en Einar Bárðarson hefur tryggt sér kröfta hennar og undirbýr nú útkomu nýrrar plötu með söngfuglinum. Fróðlegt verður að sjá hvernig hún mun ganga en fróðir menn í tónlistarbransanum segja að Bríet Sunna sé sá keppandi úr Idolinu á þessu ári sem eigi velgengnina helst vísa.





- *Rómantísk frönsk heimilisvara*
- *Kryddolíur í lausu*
- *Kaffi og te í lausu*
- *I lmsápur og kerti*
- *Spennandi sælgæti*



Opöð: þri. - fös. kl. 11-18
laugardaga kl. 11-15

... bara gaman!

Lyngháls 4 – www.nora.is



Nýbakaðir foreldrar!

Einar Bárðarson og Áslaug Thelma eignast sitt fyrsta barn

STELPAN KOMIN Í HEIMINN

Foreldrar Einar Bárðarson og Áslaug Thelma eignuðust sitt fyrsta barn í síðustu viku.

Umboðsmaður Íslands, Einar Bárðarson, og eiginkona hans Áslaug Thelma Einarisdóttir eignuðust sitt fyrsta barn þann 12. maí. Áttu þau myndarlega stelpu en Einar er kominn í stutt feðraor-

lof. Einar og Áslaug Thelma giftu sig síðasta sumar í Reykholti við hátiðlega athöfn og keyptu sér nýverið hæð á Melhaga í Vesturbænum. Einar hefur heldur betur stimplað sig inn sem einn allra besta umboðsmaður lands-

ins og er með allar helstu poppstjörnu Íslands á sínum snærum. Einnig hefur hann verið að gera það gott með heimsþekktu ræðumenn. Mikhail Gorbachev heldur fyrirlestur á hans vegum í Háskólabíói í október.

Einnig eru Nylon-stelpurnar að gera allt vitlaust í Bretlandi og virðast ætla að ná mjög langt. Hér & nú óskar Einari og Áslaugu innilega til hamingju með stúlkuna.

Texti: Breki Logason

FRAMSÓKNAR-

PAR

**Birkir Jón Jónsson
og Svanhvít
Aradóttir að rugla
saman reytum**



A þingismaðurinn efnilegi Birkir Jón Jónsson og Svanhvít Aradóttir, varabæjarfulltrúi framsóknarmanna í Fjarðarbyggð, hafa sést mikið saman að undanfögnu. Fyrir stuttu sáu þau í Kringlunni þar sem þau leiddust hönd í hönd og skoðuðu hinar ýmsu verslanir. Virtist afar hlýtt á milli þeirra. Birkir og Svanhvít kynntust í gegnum starf sitt í Framsóknarflokknum en Birkir er einn af framámönnum flokksins á Siglufirði, en Svanhvít er frá Neskaupstað. Þau hafa farið sér hægt í tilhugalfínu, enda búsett á hvort á sínum staðnum á landinu, auk þess sem mikið er að gera hjá þeim í aðdraganda kosninganna. Vinir þeirra segja samt s e m áður að nú þegar séu farin að myndast sterk bönd á milli þeirra.

**Nýtt
par!**



Texti: Andri Ólafsson

ÍDA

FLOTTASTA PART

Kristalsboð Coca-Cola nálgast óðum

27. maí



Sigurður Bollason fær boð



Sigurður G. fær boð



Umboðsmenn The Streets fá boð



Hermigervill spilar



Thor Vilhjálmsson fær boð

TÍ ÁRSINS Í IÐUHÚSINU

„Einnig fá gestirnir sent númer og geta skráð sig inn á heimasíðuna burn.is til þess að fá meiri upplýsingar um partið.“

Nú stýttist í eitt flottasta parti ársins. Það eru allir að tala um Coca-Cola-partið sem haldið verður kosningakvöldið mikla þann 27. maí. Partið er haldið af Coca-Cola Europe en svipað parti var víst haldið á Spáni í fyrra. Í ár verður ekkert til sparað og hefur undirbúningur staðið lengi yfir. Spurst hefur út að búa eigi til skemmtistað í borginni en samkvæmt heimildum Hér & nú verður partið haldið í hinu glæsilega Iðuhúsi, við Lækjargötu.

Verða sérhannaðir barir úti um allan sal þar sem boðið verður upp á viski, rautt, hvítt og bjór. Fjöldinn allur af erlendum gestum mun verða í partiinu en umboðsmenn hljómsveitarinnar The Streets, Tim Chiosso

og Nick Box hafa meðal annars staðfest komu sína. Um 200 íslenskir boðsgestir verða í partiinu og munu þeir fá sérútskorinn kristal sem boðskort. Einnig fá gestirnir sent númer og geta skráð sig inn á heimasíðuna burn.is til þess að fá nánari upplýsingar um partið. Hér & nú hefur komist yfir hluta gestalistans en þar eru meðal annars nöfn Sigurðar Bollasonar, Sigurðar G. Guðjónssonar, Svövu Johansen, Svavars Arnar og rithöfundarins Thors Vilhjálmssonar.

Það er ekkert parti án tónlistar en hinn eldrauðhærði Sveinbjörn Thorarensen, betur þekktur sem Hermigervill, mun spila í partiinu. Einnig munu Dj Margeir og danski plötusnúðaðúettinn Filur þeyta skífum.



Svavar Örn fær boð



Björns og Svava fá boð

Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.
Útgefandi Páll Baldvín Baldvinsson ábm.
Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is.

Ritstjórn Berglind Halla Elfudóttir, berglind@hognu.is, Jón Mýrdal, myrdal@hognu.is, Hér & nú Skaftahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.
Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075.

Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Umbrot 365 – prentmiðlar Hilmar Gunnarsson.

Prentvinnsla Isafoldarprentsmíðja. Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Skitið á sig í Ártúnsbrekkunni

Pað hefur nú varla farið framhjá neinum að Eypór Arnalds brá sér af bæ og skelli sér í veislu um síðustu helgi. Eftirleikinn þekkja einnig flestir. Handtekinn í Ártúnsbrekkunni eftir að hafa keyrt á ljósastaur. Sellóleikarinn mætti svo galvaskur í Kastljósið og Ísland í dag til að svara fyrir verknaðinn. Mér fannst hann nú bara standa sig nokkuð vel og sanna stærð eistna sinna með því að mæta. Auðvitað er engin góð lending í svona máli eins og Eypór benti réttilega sjálfur á. Hann ætlar að draga sig í hlé en útilokar ekki að koma aftur þegar málið er búið, próflaus og nokkrum þúsundköllum fátækari. Ekki eru allir sáttir með þá lendingu.

En hvað er það sem fólk vill eiginlega?

Málið er ósköp einfalt. Hann skait á sig með því að í fyrsta lagi keyra fullur, í öðru lagi keyra á ljósastaur og í þriðja lagi keyra í burtu. Þannig er það bara. En á hann að hætta öllum afskiptum af stjórn-málum vegna þessa?

Einhverjir myndu svara þessari spurningu játandi. En ég held ekki. Auðvitað er það dómgreindarleysi að setjast undir stýri undir áhrifum áfengis. Enda hefur Eypór sjálfur viðurkennt það og ætlar að leita sér hjálpar. En ég held að hann sé ekkert verri maður fyrir vikú.

Mér leið hálfkjánalega að horfa á þær stöllur yfirheyra Eypór á NFS í vikunni. Sérstaklega þegar hann var spurður hvort það væri mat sérfróðra manna eða hans eigin vilji að fara í meðferð, á kostnað ríkisins. Á kostnað ríkisins? Hvað kemur það málinu eiginlega við? Hefði Hjálmar Árnason einhvern tíma verið spurður að því hvort hann ætlaði í hjartaþræðingu á kostnað ríkisins? Nei, það þurfti að nudda Eypóri Arnalds eins mikið upp úr þessu og hægt var.

Kjafasögurnar hafa líka flætt um þjóðfélagið. Einhvers staðar heyrði ég að Kjartan Gunnarsson og Geir H. Haarde hefðu verið sammála um að Eypór ætti að koma sér alveg frá flokknum. Það væri þá í fyrsta skipti sem þeir væru sammála um eitthvað.

En ég held að fólk ætti aðeins að slaka á í öllum þessum æsingi. Maðurinn hefur viðurkennt mistök sín og meira er ekki hægt að gera. Og svo getur fólk bara sleppt því að kjósa hann í kosningum ef það vill hann ekki. Eypór Arnalds á ekki að hætta í stjórn-málum, þótt hann hafi skitið á sig í Ártúnsbrekkunni.

Breki Logason



NÝR OG ENDURBÆTTUR 22 OPNAÐUR Í KVÖLD

Skemmtistaðurinn Óliver hefur svo sannarlega slegið í gegn frá því hann var settur á laggirnar fyrir ári. Eignendur staðarins hafa ekki látið staðar numið heldur hyggja þeir á frekari landvinninga í veitinga-bransanum. Í kvöld verður opnaður nýr og endurbættur 22 en eigendurnir hafa unnið hörðum höndum síðustu mánuðina að því að gera þann gamalgróna skemmtistað eins glæsilegan og unnt er. Á 22 verður eldhúsið opið lengur en venjan er á íslenskum veitingahúsum og því hægt að fá sér góðan bita á milli þess sem spörin eru stigin á dansgólfinu. Um að gera að koma sér sem fyrst í mjúkin hjá dyravörðunum því ef eitthvað er að marka velgengnina á Óliver verður stappfullt allar helgar.



16 TÍMAR TIL AÐ ÖPENU

Sjónvarpsstjarnan Sigmar Guðmundsson heldur úti skemmtilegu bloggi um ferðalag sitt til Aðenu en þaðan flytur hann landsmönnum fréttir af gengi Silvíu Nóttar í Eurovision-keppninni. Á síðunni lýsir hann meðal annars hræðilegu ferðalagi íslenska hópsins til Grikklands en það tók allt í allt um sextán klukkutíma vegna seinkunar á Heathrow-flugvelli. Þegar hópurinn komst svo loks upp á hótél voru allir orðnir algjörlega uppgefni. Nema Ágústa Eva sem samkvæmt Sigvari söng „Á skíðum skemmti ég mér“ í rútunni síðasta spólinn.



BJARKI KOMINN AFTUR Í BOLTANN

Þrátt fyrir að fyrrverandi landsliðsmaðurinn í handbolta, Bjarki Sigurðsson, hafi fyrir löngu lagt handboltaskóna á hilluna er hann ekki enná á þeim buxunum að leggja takkaskóna á hilluna. Bjarki er nýgenginn til liðs við utandeildarliðið Hunangstunglið. Hann stendur á milli stanganna hjá Hunangstunglinu og ver markíð af mikilli fimi. Í liði Hunangstunglsins eru margir kunnir kappar úr handboltanum og má meðal annarra nefna Valgarð Thoroddsen og Hlyn Morthens en þeir hafa báðir spilað með íslenska landsliðinu í handknattleik eins og Bjarki. Auk þess að standa í ströngu í utandeildinni er Bjarki líka á fullu í kosningabaráttu en hann á sæti á lista sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ.



SETTI TVÖ FYRIR TVÍBURANA

Eins og lesendur Hér & nú fengu að lesa um í síðustu viku á fótboltastjarnan Tryggvi Guðmundsson von á tvíburum með konu sinni Hrafnhildi Gunnlaugsdóttur í september. Tryggvi er greinilega í flottu formi þessa dagana því hann skoraði tvö mörk í fyrsta leik sumarsins gegn KR í Frostaskjóli. Gárungar í röðum Hafnarfjarðarmafiunnar höfðu það á orði í stúkunni í lok leiksins að ekki mætti það minna vera. Tryggvi yrði að setja eitt fyrir hvert barn sem hann ætti von á.



HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Það var nóg að gerast í bænum um helgina og skemmtanabyrstir Íslendingar flyktust á skemmti- staði borgarinnar. Á laugardagskvöld var haldið Styrktar-



son, **Daníel** úr Idolinu, **Frank Höybe** og **Birna Þórðar** og fleiri góðir. Á meðan sat blaðamaðurinn **Jakob Bjarnar Grétarsson** á Prikinu, ásamt fleiri blaðamönnum DV, í góðu stuði.



ball **Gay Pride** á Þjóðleikhúskjallaranum þar sem **Páll Óskar** þeytti skífum. Stemningin var gríðarleg og þakið ætlaði hreinlega að rífnu af húsinu enda samkynhneigðir þekktir fyrir að kunna að skemmta sér. Á ballið voru mætt **Felix Bergs-**



Ásgeir Kolbeins og **Gillzenegger** voru flottir á Óliver og þótti kvenpeningnum það ekki leiðinlegt enda einir heitustu gæjarnir í bænum. **Fatahönnu** uðurinn **Harpa Einars** hélt upp á þrítugsafmæli sitt á REX þar sem **dj Margeir** hélt uppi stuðinu. **Ásta** og **Tinna** hjá **Eskimo** föggnuðu með Hörpu sem og plötusnúðurinn **Sóley** sem var sæt með bumbuna.



HRINGDU INN FRÉTT OG FÁPU PENING 550 50 70 15.000 kall!

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssimsvorinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyrta og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyrta.



FRÉTTASKOT hér&nú




Gisting - golf - veiði
Gerum tilboð
 Efri-Vík ehf 880 Kirkjubæjarklaustur
 netfang: efrivik@simnet.is
 vefang: www.efrivik.is
 s: 487 4694

islenskt slúður

TUBORG EN EKKI ÁRBORG

Nú þegar sveitarstjórnakosningarnar standa sem hæst keppast menn við að finna brandara á andstæðinga sína. Mikið er um skopmyndir á netinu og hinir og þessir brandarar fá að fjúka. Í ljósi atburða síðustu helgar með oddvita sjálfstæðismanna í Árborg hafa menn fundið nýtt nafn á sveitafélagið. Það mun víst ekki lengur heita Árborg, heldur hafa menn nefnt það upp á danska máta og tala nú um sveitarfélagið Tuborg.



GYLLTI KÖTTURINN



Verslunin Gyllti kötturinn fagnaði komu sólarinnar og sumarsins um síðustu helgi. Var mikið kokktilboð í versluninni þar sem vörur sumarsins voru kynntar. Verslunin hefur vakið mikla athygli fyrir falleg föt og þykir nokkuð kúl. Það var þó nokkuð af fólki sem mætti og tékkaði á sumarlinunni.

BLOGG VIKUNNAR

Beta rokk bloggar frá Aþenu

BLÁÆÐ OG HREINAR MEYJAR

Já, ekki eru nú allir Grikkirnir guðir og erum við sannfærðar um að við komum hreinar meyjar heim. Getum talið á fingrum annarrar handar fólkið sem kann sitt fag í þjónustugeiranum og öll koma þau frá veitingastaðnum Spondi sem

framreiðir kynlíf á disk. Jesús og guð minn almáttugur hvað maturinn var góður. Fengum átta rétta máltíð með fullkomnu víni við hvern rétt og ég get svariða ... þjónarnir stoppuðu og horfðu á okkur alltaf þegar við tókum fyrsta bitann því við

stundum svo af nautn. Smakkaði bláæð úr nauti sem var hreinn unaður. Aldrei hefði mér dottið í hug að æð væri lostæti.“



Nýr 80 milljóna króna BMW Z4 Coupé

HEIMSFRUMSÝNDUR Á ÍSLANDI

HANNI KOMINN HEIM

Kynþokkafullur trommarinn Hanni Bachmann úr hljómsveitinni Skítamóral er kominn heim. Eins og flestir er strákurinn frá Selfossi en hefur búið í Reykjavík undanfarin ár, nánar tiltekið í 101. Nú er hann hins vegar fluttur aftur á Selfoss þar sem hann hefur fest kaup á íbúð. Stráknum líður víst vel fyrir austan en keyrir þó enn á milli. Hann vinnur nefnilega í ljósabúðinni Rafkaupum í Ármúlanum, þar sem hann tendrar ljósið fyrir viðskiptavini. Hér & nú óskar Selfossi innilega til hamingju með nýja bæjarbúann.

BMW Z4 línan þykir til marks um að fáir leiki eftir hönnun BMW á sportbílum. Við línuna er að bætast nýr Coupé sem hlotið hefur fádæma lof á alþjóðlegum bílasýningum. B&L frumsýnir þennan ofursportbíl hér á landi síðar í þessum mánuði í samstarfi við BMW.

Hér er þó ekki um neina venjulega frumkynningu að ræða, heldur heimsfrumsýningu, þar sem B&L er fyrstur umboðsaðila BMW til að afhjúpa bílinn. Verður billinn afhjúpaður á mánudagskvöldið einungis fyrir boðsgesti en á laugardaginn getur hver sem er komið upp í B&L og litið gripinn augum. Beðið hefur verið eftir nýja bílnum með nokkurri eftirvæntingu og ætti enginn að láta þetta tækifæri framhjá sér fara.



Íslensk list í útskriftargjafir



Mynd eftir Kordílni Larusdóttur



Mynd eftir Sofíu Semundóttur

Opið í Kringlunni virka daga 10–18.30,
laugardaga kl. 10–18 og sunnudaga 13–17

Opið á Rauðarárstíg virka daga kl. 10–18,
laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga 14–16

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

LISTUNASALA
fold

Englar Viktoríu
komu saman

KYNNTU NÝJAN ILM

Þrjár eftirsóttustu fyrirsætur heims, þær Karolina Kurkova, Gisele Bündchen og Adriana Lima, mættu í verslun Victoria's Secret í síðustu viku til þess að kynna nýtt ilmvatn frá undirfataframleiðandanum. Ilmvatnið ber nafnið „Dream Angels Heavenly“. Stelpurnar hafa verið aðal-fyrirsætur Victoria's Secret undanfarin ár og gert það að verkum að undirfata-sýning fyrirtækisins er sú týskusýning sem fær langmesta áhorfið ár hvert í Bandaríkjunum.



GAF HEIMILISLAUSUM PENING

Jake er hinn fullkomni tengdasonur

Jake Gyllenhaal sýndi það og sannaði á dögnum að hann er með hjarta úr gulli. Hann var á leiðinni heim af kaffihúsi í Hollywood þegar hreyfihamlaður maður stöðvaði hann. Hann sagði Jake frá því að hann hefði misst tilfinninguna fyrir fótum sínum í Vietnamstríðinu og þyrfti á allri hjálp að halda sem hann gæti fengið. Jake var þá ekki lengi að draga fram seðlana og gaf manninum hundrað dollara.



Kærustuparið Brody og Bilson

VINSÆLLI EN MISCHA OG BEN

Nú gengur sú saga fjöllum hærra að Mischa Barton sé alvarlega að hugsa um að yfirgefa þættina O.C. Ástæðan er að sögn kunnugra sú að Rachel Bilson, mótleikkona hennar, er að verða mun vinsælli en hún. Samkvæmt könnun sem Sky Showbiz framkvæmdi á dögunum líkar 60% áhorfenda þáttanna betur við Rachel en Mischu. Sama könnun sýndi einnig að 69% áhorfenda líkar betur við kærasta Rachel í þáttunum, Adam Brody, en kærasta Mischu, Ben McKenzie.



Jesse Metcalfe með nýja upp á arminn


DEITAR PATSY KENSIT



Eftir að sundlaugarvörðurinn úr Aðþrengdum eiginkonum, Jesse Metcalfe, mætti með fyrrverandi eiginkonu Liams Gallagher úr Oasis á Bresku sjónvarpsverðlaunin á dögunum er mikið rætt um hvort þau séu orðin par. Því neita fjölmiðlafulltrúar skótu hjúanna og segja þau aðeins „mjög góða“ vini. Jesse hefur verið laus og liðugur síðan hann hætti með Töru Reid í fyrra en hann þykir einn eftirsóttasti piparveinninn í Hollywood.

Teri Hatcher áritaði nýja bók í New York

HEIMSPEKILEG HÚSMÓÐIR



Heitasta húsmóðir í heimi, Teri Hatcher, var í bókabúðinni Barnes & Noble í New York á dögunum. Þar áritaði hún nýútkomna bók sína; *Burnt Toast: And Other Philosophies of Life*. Stappfullt var í bókabúðinni en Teri gaf sér samt sem áður nægan tíma til að spjalla við aðdáendur sína á milli þess sem hún áritaði. American Idol-kynnirinn Ryan Seacrest var fjarri góðu gamni en þau tvö hafa sést mikið saman nýverið.



NÝTT Á DVD

KOMA Í VERSLANIR
OG Á LEIGUR 18. MAÍ

SAMMYNDIR



Milljón króna Versace-kjöll Manúelu snýr aftur

TYSON-KJÓLLINN KEPPIR Á NÝ

Demantsskrýddur

Manúla Ósk þótti bera af þegar hún klæddist Versace-kjólnum í Ungfrú Íslandi árið 2003. Hér er hún einu barni síðar við hátíðarkvöldverð sem haldinn var til heiðurs Unni Birnu Vilhjálmisdóttur.

Sigurstrangleg

Soffía Rún hefur fengið að máta kjóllinn hennar Manúelu en þær eru mágkonur.

Einn sigurstranglegasti keppandinn í Ungfrú Íslandi, Soffía Rún Kristjánsdóttir, ihugar nú alvarlega að fá að láni kjóllinn sem Manúela Ósk Harðardóttir klæddist þegar hún bar sigur úr bítum í keppninni árið 2002. Kjóllinn, sem er rauður með demantsskrýddu hálsmáli, er hannaður af Versace-tískuhúsinu. Manúela fann kjóllinn í New York en það var hnefaleika-goðsögnin Mike Tyson sem greiddi þá tæpu milljón, sem kjóllinn kostaði, úr eigin vasa. Manúela og Tyson höfðu hist skömmu áður og tókust með þeim ágæt kynni.

Af skiljanlegum ástæðum vill Soffía Rún, sem er mágkona Manúelu Óskar, ekki gefa upp hvort hún hyggist klæðast kjólnum á Broadway síðar í mánuðinum og segir að ákvörðunin eigi að koma á óvart. Hún hefur hins vegar mátað kjóllinn og segja kunnugir að hann fari henni einstaklega vel, líkt og hann gerði Manúelu árið 2002. Manúela hefur í örfá skipti klæðst kjólnum síðan hún var kjörin fegursta stúlka Íslands og nú síðast þegar hún sótti hátíðarkvöldverð á Broadway til heiðurs Unni Birnu Vilhjálmisdóttur eftir að hún var kjörin ungfrú heimur.

„Manúela hefur í örfá skipti klæðst kjólnum síðan hún var kjörin fegursta stúlka Íslands og nú síðast þegar hún sótti hátíðarkvöldverð á Broadway til heiðurs Unni Birnu Vilhjálmisdóttur.“

**Kyn-
B.O.B.A**

Gjafmildur Mike Tyson splæsti tæpri milljón í demantsskrýdda Versace-kjóllinn enda heillaður af fegurð Manúelu.

Verður þú tilbúinn eftir sumarið?

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.

"...held ég sé á góðri leið með að ná inntöku-prófinu í læknadeild í vor. Takk fyrir mig"
Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.

"...Núna er mér fyrst að takast að sjá fram á að klára lesefni vikunnar sem ég taldi áður ómögulegt."
Elva Dögg, 20 ára Hjúkrunarnemi.

"...Þetta námskeið var vonum framár og ætti að vera skylda fyrir alla! Námskeiðið eykur lestrarhæfni á öllum sviðum..."
Haraldur Haraldsson, 18 ára nemi.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Nýttu sumarið til góðra verka og náðu árangri hjá okkur

Sumarnámskeið Hraðlestrarskólans

3. vikna hraðnámskeið **13. júní** – Reykjavík

3. vikna hraðnámskeið **26. júní** – Akureyri

6. vikna námskeið **1. ágúst** - Reykjavík

Allar upplýsingar á www.h.is

Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400



VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Birgitta Haukdal ætlar að njóta sumarsins

ENGINN DAGUR EINS HJÁ MÉR

Í sumar-
skapi!

Birgitta Haukdal
Ætlar að njóta sumarsins og veiða enda forfallin fluguveiðimanneskja.

Pað er nú bara allt gott að fréttu og vonandi bara sumar og sól fram undan,“ segir söngkonan fagra Birgitta Haukdal sem er með margt á þrjónunum fyrir sumarið. „Ég ætla að syngja eins og ég get, ferðast og vinna í leiðinni. Það er vonandi að maður geti notið sumarsins þó maður sé að vinna,“ segir Birgitta en hljómsveit hennar Írafár er í hléi og hefur ekkert planað fyrir sumarið. „Andri, hljómborðsleikarinn okkar, fór í nám í Svíþjóð þannig að það er ekkert akveðið. Það er samt aldrei að vita nema við tökum nokkur gigg,“ segir Birgitta sem hefur verið að syngja með Vigni, gítarleikara Írafárs, úti um allan bæ.

Í Háskólanum í Reykjavík

Einnig hefur Birgitta verið að syngja með sjálfum Stuðmönnum og ætlar hún að syngja með þeim í sumar. „Við höfum mjög gaman af því að vinna saman.“

Birgitta hefur einnig verið að koma fram ein með tónlist á bandi eða með pianóleikara. „Svo hef ég verið að tala inn á teiknimyndir fyrir Ríkisútvarpið einu sinni í viku og var að klára kvikmyndina um Rauðhettu og úlfinn, hún er mjög skemmtileg,“ segir Birgitta og hlær.

Það er greinilega nóg að

gera hjá Birgittu sem einnig hefur verið að kenna söng hjá Þorvaldi Bjarna og taka námskeið í Háskólanum í Reykjavík. „Það er enginn dagur eins hjá mér en helgarnar fara mikið í að syngja og skemmta.“

Fer fram með fluguna

Birgitta er nýbúin að uppgötva nýja delli hjá sér sem er fluguveiði. „Kærastinn minn, hann Bennis, kom mér upp á þetta og þá má segja að hann sé búinn að spilla mér, enda er ég alveg forfallin. Ég hélt ég myndi aldrei falla fyrir þessu en mér finnst þetta alveg frábært.“

Birgitta segist vera mikið náttúrubarn og kann best við sig í náttúru Íslands. „Það er stærsti parturinn af þessu og svo er bara bónus ef maður fær fisk,“ segir Birgitta sem er búin að skipuleggja allavega þrjár veiðiferðir í sumar. „Það er svona blanda af flottum og litlum ám. Það er alltaf jafn gaman, sama hvert maður fer. Ég er nú ekkert sérstaklega góð með flugustöngina en verð betri í hvert skipti. Bennis hefur verið að kenna mér og þetta er allt að koma.“

Kærasti Birgittu er með mikla veiðidelli og hefur greinilega náð að smita söngkonuna sem kann vel við sig í stígvélunum

með stöngina í hendinni.

Ætlar að sjá Pink Floyd

Birgitta er ekki búin að skipuleggja neinar utanlandsferðir í sumar fyrir utan helgarferð til Glasgow sem hún fór um síðustu helgi.

„Ég ætla samt að sjá Roger Waters þann 12. júní í Laugardalshöllinni,“ segir hún en viðurkennir þó að vera ekki mikill aðdáandi Pink Floyd. „Þeir eiga mörg æðisleg lög og hann er náttúrulega algjör snillingur. Þetta eru svakalega flott tónverk og ég hlakka mikið til,“ segir Birgitta Haukdal í miklu sumarskapi og tilbúin að njóta sumarsins.

Syngur í sumar
Hljómsveit Birgittu er í hléi en hún útlakar ekki einhver gigg.



Fjölbreyttir dagar

„Það er enginn dagur eins hjá mér en helgarnar fara mikið í að syngja og skemmta.“

„Kærastinn minn, hann Bennsi, kom mér upp á þetta og þá má segja að hann sé búinn að spilla mér, enda er ég alveg forfallin. Ég hélt ég myndi aldrei falla fyrir þessu en mér finnst þetta frábært.“

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Dekk • Bón og Þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskípti • Rúðuburkblöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum

-25%

Afsláttur af sumardekkjum

ÞÚ FÆRÐ

sumardekk

Á SÚPER-VERÐI

&

-25%

AFSLÁTTUR AF
**vinnu
við smur**

&

**Ótrúleg
tilboð!**

á
**Jeppa-
dekkjum**

BÍLKÓ
bilko.is

- Betri verð!

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



Meira
fyrir minna!

HASSO

Car-rental

Hasso Ísland - Smiðjuvegi 6, rauð gata, sími 555 333 0

Tel: **555 333 0**

LÍFSSTÍLL

EUROVISION

Silvía Nótt tætur og tryllir
í Apenu og Hér & nú er að
sjálfsgöðu á staðnum.

Framhald á
næstu opnu



EURO

**Súper-
star!**



VISION NATION

Í kvöld kemur í ljós hvort Silvía Nótt kemst áfram úr forkeppni Eurovision-söngvakeppninnar í Aþenu. Óhætt er að segja að örfáir, ef nokkrir, keppendur í sögu Eurovision hafa verið jafn umdeildir og Silvía okkar. Það er sama sagan í Aþenu og hér heima, annað

hvort elska menn Silvíu, eða menn hata hana.

Hér & nú elskar að sjálf-sögðu Silvíu sína og hefur fylgst vel með henni síðan hún fór til Grikklands. Ljós-myndari okkar var aldrei langt undan þegar Silvía sjokkeraði eins og meðfylgjandi myndir sýna.

Texti: Andri Ólafsson – Myndir: Valli



Á blaðamannafundinum

Silvía sló í gegn á fjölmennasta blaðamannafundinum sem haldinn var í ár.



Framhald á næstu opnu





Út með hana! Þessi blaðakonu var hent út af því að hún horfði í augun á Silvíu Nótt.



Hjá borgarstjóranum í Aþenu Sylvía mætti í miðri ræðu og setti allt úr skorðum.



Silvía og Selma
Selma Björnsdóttir
passar upp á að
Silvía Nótt líti sem
best út á sviðinu.



**Æðisleg í
Aþenu!**



**Romario, Silvía Nótt og
Tomas** Tomas Lundin er finnsk-
ur Eurovision-sérfræðingur.



Allt að verða vitlaust
Ljósmyndarar og blaðamenn
urðu snælduvitlausir þegar
súperstjarnan mætti á svæðið.



Stelpurnar í Ungfrú Íslandi skemmtu sér saman



Beðið
María Ólafsdóttir
og Eva Dögg
biðu eftir ofur-
módelinu.



Hvernig er þessi?
Aldís Arnardóttir og
Lóa Fatoumata.

**Fögur
fljóð!**

BEDIÐ EFTIR

CLAUDI U

Fagnar
Bergþóra og
Soffía Rún.

Það var mögnuð stemning á opnun Kaffi Parísar á laugardaginn. Búið er að taka staðinn í gegn og var margt um manninn á opnuninni. Stelpurnar í Ungfrú Íslandi létu að sjálfsögðu sjá sig með bros á vör. Hafði spurst út að sjálf ofurfyrirsætan Claudia Schiffer myndi láta sjá sig og voru stelpurnar skiljanlega mjög spenntar. Sátu þær niðri í einhvers konar VIP-herbergi og biðu eftir ædolinu. En allt kom fyrir ekki og engin Claudia mætti á svæðið. Það skipti þó litlu máli því stelpurnar höfðu hver aðra, stórglæsilegar allar saman. Keppnin um fegurstu konu landsins fer fram á Broadway þann 24. maí.

Fríður hópur

Ásdís Svava, Sigrún
Bjarnadóttir, Fannar
og Soffía Rún
Kristjánsdóttir.



Brosildar

Jóhanna Gílsdóttir
og Linda Benediktsdóttir.



Ástarfley

Dóra Björg og
Gréta Mar, sem
er hvað þekktust
fyrir þáttökuna í
Ástarfleyinu.



Næsta Unnur Birna?

Elisa Guðrún og
Aldís Arnadóttir.



Stelpur í stuði

Lisbet Hannesdóttir,
Bergþóra, Jóna
Kristín og Ásdís
Svava.



Mætti ekki

Claudia Schiffer lét
ekki sjá sig með stelp-
unum í Ungfrú Ísland.

H&N-myndir: Ómar V
Texti: Breki Logason



Bjargróa Berglindar

STRANGLEGA BANNAD!

Húðin er stærsta líffæri líkamans og því mikilvægt að hugsa vel um hana. Til að halda húðinni góðri ættirðu að forðast eftirfarandi:

1. Fara að sofa án þess að þrifa farðann af andlitinu

Húðin fær ekki nóg súrefni ef þú sefur með andlitsfarða sem leiðir til þess að fitukirtlar stíflast og þá myndast bólur frekar og húðin verður þreyttari. Ef þú sefur með maskara vaknarðu frekar með þoka undir augunum og líkurnar á sýkingu aukast. Þvoðu þér í framan jafnvel þótt þú hafir ekki verið máluð yfir daginn því húðin safnar í sig óhreinindum og fitu. Ef þú ert of þreytt til að þrifa andlitið skaltu geyma hreinsiklúta við rúmið.

2. Stunda ljósabekki

Það ætti að vera öllum ljóst hversu hættulegt það er að fara í ljós. Ljósaböðin geta leitt til húðkrabbameins auk þess sem húðin eldist. Notaðu heldur brúnkukrem eða farðu í sund í góða veðrinu. Mundu bara að nota sólarvörn.

3. Nota þrífur í snyrtivörubúðum

Líkurnar á að þú smitist af herpes eða einhvers konar sýkingum eru kannski ekki miklar en það gæti þó gerst ef þú notar sama varalít og augnskugga og fullt af ókunnugum konum. Notaðu einungis einnota svampa, bursta og slík verkfæri. Til dæmis eyrnapinna og aldrei dýfa tvisvar með sama hlutnum. Passaðu líka að þvo þér um hendurnar þegar

þú ert búin að prófa þig áfram.

4. Kreista bólur

Þú ættir alls ekki að kreista bólur. Ef þú átt erfitt með að standast það hafðu þá í huga að líftími bólunnar lengist upp í 7–10 daga ef þú kreistir í stað 2–3 daga þar sem baktæriur safnast óhikað á puttana á þér. Vertu dugleg að hreinsa húðina og prófaðu jafnvel að setja augndropa sem minnka roða á bólurnar með eyrnapinna og notaðu svo góðan bólufelara.



BRELLUR ÚR BRANSANUM

Förðunarfræðingurinn Díanna Dúa gefur lesendum góð ráð um andlitsförðun

UNDIRFARÐI ER MIKILVÆGUR

Það sem mér finnst vanmetið er undirfarðar. Undirfarði er það fyrsta sem við eigum að setja á húðina eftir að búið er að setja á sig dagkrem og kemur hann í ýmsum útfærslum þannig að allir ættu að finna einhvern við sitt hæfi. Með því að nota undirfarða jafnast húðlitturinn og förðunin endist mun lengur og verður áferðarfallegri. Ég mæli til dæmis með þessum:



Blanc Universel de Chanel Jafnar út húðlittin, dregur úr roða

– frábær fyrir rósroða eða háræðaslit, fyllir í opnar húðholur og línur og heldur húðinni mattri. Farðinn helst mun lengur á og verður áferðarfallegri. Einnig hægt að nota sem „highlight“ á kinnbeinin yfir farða.

Base Lumière frá Chanel Léttur undirfarði unnin úr perlubrotum sem gefa aukinn ljóma. Farðinn verður áberandi áferðarfallegri auk þess að hann endist lengur.



Guerlain Pure Radiance Undirfarði með 24 karata gullflögum sem gefa húðinni aukinn ljóma ásamt því að styrkja hana. Farðinn verður einstaklega fallegur af völdum þessara gullflaga.

Guerlain Liquid radiance complexion highlighter J.Lo notar þennan. „IT“ undirfarðinn ef þú ert að leita að þessu „glowing gold“ lúkki. Kremkenndur



líkt og meik.

Þennan er hægt að nota á þrjá vegu. Einn og sér er hann geggjaður. Undirfarðann gefur hann skemmtilegt „highlight“ yfir allt andlitið og í þriðja lagi er hann flottur á kinnbein yfir farða.

Bestu kveðjur, Díanna.




FRAM ÚR UM LEIÐ OG KLUKKAN HRINGIR



Áttu erfitt með að fara fram úr á morgnana? Ertu alltaf á „snooze“-takknum í lengri tíma áður en þú nærð að koma þér á fætur? Hérna er góð leið til að koma sér fram úr um leið og klukkan hringir.

Þú ákveður að fara fram úr klukkan 6.30 áður en þú ferð að sofa. Þegar vekjaraklukkan hringir svo á slaginu áttu erfitt með að fylgja því eftir, jafnvel þótt þú hafir fengið nægan svefn. Þú „snúsar“ svo kannski í hálf tíma til klukkutíma. Þú ert einfaldlega ekki í ástandi til að taka skynsamlegar ákvarðanir þegar þú ert svona milli svefns og vöku. Að reyna að nota viljastyrkinn til að koma sér á fætur virkar sjaldnast, jafnvel þótt þú sért með sjö klukkur víðs vegar um herbergjið.

Það sem virkar best er að gera það að vana þegar klukkan hringir að standa upp. Þetta kann að virka kjánalegt en prófaðu að æfa þig. Ekki á morgnana heldur um eftirmiðdaginn. Farðu í náttfötin. Burstaðu í þér tennurnar og gerðu allt eins og þú værir í raun að fara að sofa. Dragðu fyrir gardínur, stilltu klukkuna þannig að hún hringi eftir nokkrar mínútur og leggstu upp í rúm, komdu þér vel fyrir og slakaðu vel á. Reyndu að



ímynda þér að þú sért sofandi. Þegar klukkan svo hringir, skaltu teygja vel úr þér og draga andann djúpt og standa síðan upp og klæða þig. Endurtaktu þetta nokkrum sinnum. Gerðu þessar æfingar í nokkra daga. Það er misjafnt hversu lengi fólk þarf að æfa sig en haltu áfram þar til þetta verður að vana og þú ert farin að bregðast eins við þegar klukkan hringir á morgnana. Það er best að stilla klukkuna alltaf á

sama tíma, jafnvel á sunnudögum, fyrstu mánuðina til að eyðileggja ekki rútinuna. Þú getur svo seinna sleppt því einn og einn dag. Þú nennir kannski ekki að eyða tíma í þetta en hugsaðu um tímann sem þú sparar með því að fara á fætur á réttum tíma. Ef þú sefur klukkutíma lengur á hverjum degi í eitt ár jafngildir sá tími 9 vikum í fullri vinnu.

Texti: Berglind Halla Eilfudóttir



10 HLUTIR SEM KARLMENN ÞOLA EKKI VIÐ KONUR

Það er ýmislegt sem við konurnar gerum sem flestir strákar bara þola ekki. Þetta er eitthvað sem þú ættir að láta vera ef þú vilt ekki fara í taugarnar á honum:

1. Nota kynlíf sem vopn. Það er ekki sanngjarnt því þá eiga þeir ekki séns.
2. Tala út í eitt og lýsa öllu í smáatriðum. Þeir nenna ekki að hlusta á það.
3. Vera of dramatísk. Karlmenn kunna fæstir að hugga konur.
4. Spyrja hvað hann er að hugsa. Þeir eru yfirleitt ekki að hugsa neitt merkilegt hvort sem er.
5. Spila einhverja leiki. Ekki segja nei þegar þú meinar já, það er bara fáránlegt.
6. Gagnrýna aðrar konur endalaust. Það sýnir ekkert annað en óryggi þitt.
7. Hafa aldrei skoðun á því hvað þið eigið að borða, gera, horfa á o.s.frv.
8. Fara heim með strák ef þú ætlar ekki að sofa hjá honum, strákar eru ekki að leita efir kúri.
9. Vera ósjálfstæð. Karlmenn vilja ekki vera eins og pabbi þinn.
10. Þykjast vera saklaus og siðprúð. Þú ert ekki heilög og þeir sjá í gegnum það.

Opnun Listahátíðar í Reykjavík

BRASILÍSKUR BALLETT

Opnun Listahátíðar í Reykjavík fór fram í Borgarleikhúsinu um síðustu helgi. Var margt um manninn við athöfnina en hátíðin stendur fram í júní. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri setti hátíðina og fjölmargir listamenn komu fram. Dansarar úr brasilíska danshópnum Grupo Corpo stigu dans við mikinn fögnuð viðstaddra. Listahátíðin í ár er þéttsetin fjölbreyttum atriðum við flestra hæfi. Hægt er að sjá allt um dagskrána á vefsíðunni listahatid.is.

Listahátíð!

Flottar þingkonur
Þorgerður Katrín og Sólveig Pétursdóttir voru flottar.

Ballett Það var flott atriðið í Borgarleikhúsinu.

Borgarstjórinn
Steinunn Valdís setti hátíðina í Borgarleikhúsinu.

Grupo Corpo
Danshópurinn vakti mikla athygli á opnuninni.



www.sofalist.is

Garðatorgi • Garðabæ • Sími 553 0444

Logi Ólafsson segir sögu úr boltanum

STOMACH, STOMACH!

„Skipti það engum togum að Tomislav flegði Hafsteini af klósettinu, í orðsins fyllstu merkingu.“

Það eru margar sögur sem hægt væri að segja. En það eru allir svo viðkvæmir þannig að það er líklega best að láta eina flakka af Bosníumanni sem spilaði með Vikingum árið 1991 þegar við urðum Íslandsmeistarar, Tomislav Bosniak að nafni.

Það var eitt sinn að við vorum að spila í Víkinni á móti Frömurum sem voru okkar helstu keppinautar þetta sumarið. Ég sat þarna á varamannabekknunum, eins og lög gera ráð fyrir, og fylgdist með. Allt í einu sagði Friðrik Ólafsson aðstoðarþjálfari við mig: „Tommi er farinn, hann er horfinn.“

Mér brá nokkuð við þetta, skimaði yfir völlinn og sá Tomislav hvergi. Ekki fyrr en ég kom allt í einu auga á hann við félagsheimilið á harðahlaupum inn í klefa.

Hræddur um að hann fengi rauða

Mér var náttúrulega brugðið og skíthræddur um að dómariinn gæfi honum rautt spjald fyrir að yfirgefa völlinn án leyfis. Allt í einu birtist Tomislav svo aftur við varamannaskýlið. Ég greip hann þá samstundis og sagði við hann að það væri stranglega bannað að fara svona af völlum án þess að vera með leyfi. Hann klappaði þá um leið á magann á sér og sagði við mig: „Stomach, stomach!“

Það þarf kannski ekki að taka það fram en Tomislav þessi var ekki sá sleipasti í ensku.

Flegði formanni af klóinu

Það kom sem sagt upp úr dúrnunum að Tomislav hafði fengið þessa heljarinnar magakveisu sem ekki gerði boð á undan sér. Eftir leikinn hitti ég Hafstein Gunnarsson, sem

síðar varð formaður ÍA og mótanefndar KSÍ. Það vildi svo skemmtilega til að hann sat á klósettinu þarna í Víkinni þegar Tomislav kom þar inn á harðahlaupum. Skipti það engum togum að Tomislav flegði Hafsteini af klósettinu, í orðsins fyllstu merkingu, og settist þar sjálfur niður. Enda var Tomislav afar illa haldinn og gat engan veginn beðið.

Þetta fór nú allt vel á endanum. Tomislav fékk að fara aftur inn á völlinn og klára leikinn. Sem ég man nú rendar ekki í augnablikinu hvernig fór. Það man ég hins vegar að þegar sá sem sá um búningana okkar fór hringinn í klefanum eftir leikinn og safnaði saman treyjum, stuttbuxum og sokkum var Tomislav ófánlegur til að skila stuttbuxunum sínum. En hann hefur líklega haft góða ástæðu fyrir því.

Íslandsmeistarar

Logi Ólafsson er hér toller-
aður af leikmönnum sínum.



Reynslubolti Logi hefur verið lengi í boltanum og kann margar skemmtilegar sögur.

BRANSASAGAN



HVERSU DJÖRF ERTU?

Þorir þú að bjóða honum á stefnumót eða biðja um launahækkun?

1. Hvað er að finna í fataskápnum þínum?

c) Áberandi mynstur og kynþokkafulla kjóla sem fólk tekur eftir.

a) Gallabuxur, þeysur og þægileg fót.

b) Leðurbuxur, boli og nokkra kynþokkafulla toppa.

2. Nokkrir vinnufélagar bjóða þér með í klettaklifur. Þú svarar:

b) Hljómar vel en samt hættulegt, má ég hugsa málið?

c) Frábært, ég kem.

a) Nei takk, ég er lofthrádd.

3. Þú vinnur milljón í lottói, hvað gerir þú við peninginn?

b) Þú borgar reikninga og kaupir þér eitt-hvað sem þig hefur dreymt um eins og nýja myndavél.

c) Þú kaupir þér ferð til Bahamaeyja eða bíl.

a) Þú leggur allt inn á sparnaðarreikning.

4. Þú ferð í grillveislu sem endar með því að allir fara naktir í heita pottinn. Þú:

a) Stingur tánum ofan í en ert í sundfötum.

b) Tekur þátt en ferð bara úr toppnum.

c) Klæðir þig úr öllu og hoppar ofan í.

5. Hversu ævintýragjörn ertu í rúminu?

c) Þú átt heilt leikfangasafn og stundar hlutverkaleiki.

a) Einu sinni gerðir þú það með ljósin kveikt.

b) Nýjar stellingar og nýir staðir æsa þig.

6. Yfirmaður þinn segir upp vinnunni og þig langar í starfið. Hvað gerirðu?

c) Þú ferð beint til framkvæmdastjórans og segir að þú sért manneskjan í starfið og að þú munir hætta fáir þú ekki stöðuna.

b) Pantar fund og segist hafa áhuga á að taka að þér meiri ábyrgð.

a) Bíður eftir því að talað sé við þig.

7. Hefurðu einhvern tíma þorað að reyna við strák sem þú hefur áhuga á?

c) Algjörlega, maður verður að taka áhættu.

a) Já, í huganum, þú myndir aldrei gera neitt í alvörunni.

b) Þú hefur daðrað nokkrum sinnum en ekkert að ráði.

8. Hvað er það villtasta sem þú hefur gert á skemmtistað?

b) Kelað við strák fyrir framan aðra.

c) Dansað á barborðinu.

a) Pantað þér skot.



Flest a

Það er allt í lagi að fara varlega en þú ert svo hrædd við að taka áhættu að þú lifir sennilega fremur tilbreytingarlítlu lífi. Of varkárt fólk kann ekki við breytingar og hið ókunnna. Tilhugsunin um að skipta um vinnu, fara í teygjustókk eða að blint stefnumót gerir þig dauðhrædda. Ef þú heldur áfram á þessari braut eru líkurnar á því að þú fái stöðuhækkunina og stefnumótin sem þú bíður eftir mjög lítlar. Er ekki kominn tími til að taka smá áhættu? Taktu lítil skref til að byrja með, eins og að panta þér framandi mat á veitingastað eða benda yfirmanni þínum á leið til að spara fyrirtækinu pening. Eftir nokkrar tilraunir mun sjálfstraustið aukast og þú ferð jafnvel að þora einhverju áhættumeiru.

Flest b

Þú kannst að skemmta þér þó svo þú sért kannski enginn adrenalinlíkili. Þú býrð yfir góðu jafnvægi þegar kemur að því að vita hvenær á að taka áhættu eða ekki. Þú hefur hugreki til að bjóða skotinu þínu á stefnumót eða gauka hugmynd að yfirmanni þínum en þú hugsar alltaf fyrirfram hvernig hlutirnir geti mögulega farið. Það kemur í veg fyrir að þú gerir mikið af mistökum. Þú veist að ef þú gerir ekkert í máluunum, þá gerist sennilega ekki neitt, en þú vilt samt sem áður ekki taka stórfenglega áhættu sem gæti endað illa. Þú kemst sennilega þangað sem þú vilt án þess að særa stoltið eða missa heilsuna.

Flest c

Þú lætur mana þig upp í hvað sem er og lætur ekkert stoppa þig. Þú hugsar þig ekki tvisvar um þegar kemur að því að bjóða á deit, klæða þig djærft eða koma þér upp metorðastigann og færð yfirleitt það sem þú vilt. Þú elskar adrenalinflæðið og gerir sem mest til að upplifa það. Það er frábært að þora en það er munur á hugreki og fíflidirsku. Veistu hvort er hvað? Finndu þrjá kosti og galla áður en þú tekur ákvarðanir um hluti eins og að fara heim með vafasömum gæja eða biðja um launahækkun og hóta að hætta fáir þú hana ekki. Er það áhættunnar virði? Þér kann að þykja lífið leiðinlegt án áhættunnar en stundum er mesta áhættan fólgin í því að gera ekkert.



Auglýsing um nám á sjúkraliðabraut fyrir umönnunarstéttir

Inntökuskilyrði eru að einstaklingarnir séu orðnir 23 ára, hafi að lágmarki 5 ára starfsreynslu við umönnun aldraðra, sjúkra eða fatlaðra, séu í starfandi við slíka umönnun og hafi meðmæli frá sínum vinnuveitenda. Auk þess þurfa umsækjendur að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarféлага, sveitarféлага og/eða annarra aðila að lágmarki 230 klukkustundir. Þeir sem uppfylla eftirtalin skilyrði skulu að lágmarki ljúka 60 eininga sérgreinanámi sjúkraliðabrautar.

Kennslan verður skipulögð sem tveggja ára nám þar sem skipting kennslunnar á annir er þessi:

Haustönn 2006: HBF103 - HJÚ103 - HJV103 - LÍB 101 - UTN103 – VINXX2 (15 einingar)

Vorönn 2007: HJÚ203 - LOL103 - SÁL123 - SIÐ102 - SKY101 – VINXX2 (14 ein)

Haustönn 2007: HJÚ303 - LOL203 - NÆR103 - SJÚ103 - VINXX2 (14 einingar)

Vorönn 2008: HJÚ403 – HJÚ503 -- LYF103 – SJÚ203 - SÝK103 – VINXX2 (17 einingar)

Skipulag kennslu á haustönn 2006 (15 einingar):

Kennslan fer fram í Fjölbrautaskólanum við Ármúla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 15:20-17:25. Kennsla í verklegri hjúkrun (HJV103) og líkamsbeitingu (LÍB 101) fer fram á helgar- og kvöldnámskeiðum. Um miðja önnina verður auk þess tveggja vikna vinnustaðanáam (VINXX2).

Umsóknarfrestur er til 6. júní. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans www.fa.is og á skrifstofu FÁ í Ármúla 12.

Skólameistari

HVERT FARA FRA

Það er ekki seinna vænna en að fara að huga að því hvað skal gera í sumarfríinu. Hér & nú kannaði hvert fræga fólkíð stefnir í fríinu og svo virðist sem Spánn sé vinsælasti áfangastaðurinn í ár eins og svo oft áður.

**Katrín Júlíus-
dóttir** *Ætlar
að skella sér til
Spánnar.*

Ég og vinkona mín splæstum í kjarnafjölskyldutilboð til Spánnar með strákana okkar. Við förum í byrjun júlí, það er að segja ef ég ílengist ekki á þingi. Ég ætla líka með strákinn minn eitthvert innanlands. Ég á fjölskyldu bæði á Hornafirði og Húsavík og kíkí án efa á báða staði. Upphaldsstaðurinn minn hérna á Íslandi er Dimmuborgir. Ég hef ekki oft komið þangað en varð fyrir sterkri upplifun þegar ég kom þangað fyrst, ung að aldri. Það er svo ævintýrlegt þarna. Ég kann líka ofsalega vel við mig við Jökulsárlón. Þegar ég keyri þessa leið á þjóðvegi 1 stoppa ég ávallt og fer út og dreg djúpt að mér andann. Kalda ísloftið er svo frískandi.“



**Björgvin G.
Sigurðsson** *Fer
árlega í hestaferð.*

Í sumar stefni ég á að fara með alla fjölskylduna, sem samanstendur af 6 börnum, og jafnvel fleiri stórfjölskyldum til Spánnar. Við erum að leita að heppilegri ferð síðsumars og það er mikil stemning hjá krökkunum fyrir ferðinni. Svo fer ég eina góða ferð innanlands með fjölskylduna á bílnum. Ætli maður keyri ekki til Akureyrar eða á Hornafirði í svona þrjá til fjóra daga. Ég fer alltaf í eina hestaferð á ári með bræðrum og vinum um hálandið. Þetta hef ég gert síðan ég var tvítugur. Í þetta skipti ætjum við að fara um Þjórsá en Þjórsárdalurinn er tvímælalaust eftirlætisstaðurinn hérlandis. Ég er allinn upp í Búrfellsvirkjun og Gjáin og Stöng standa upp úr af öllum þeim stöðum sem ég hef ferðast til.“



EGIR Í FRÍ?

Sólarstrendurnar eru vinsælar þetta sumarið eins og áður.

Ég fer til Tenerife í tvær vikur með konunni, Maríu Sveinsdóttur, og stelpunum í júlí. Það verður svo eitthvert spilerí á mér svo ég verð að ferðast eitthvað innanlands. Ég ætla nú að reyna að taka fjölskylduna eitthvað með. Ég verð að spila í nokkrum brúðkaupum og svona. Þetta er að tínast inn. Uppáhaldsstaðirnir til að heimsækja eru Selfoss, Stykkishólmur og Akureyri. Svo fer ég einstaka sinnum til Egilsstaða líka.“

Helga Braga Lætur sig dreyma um grísku eyjuna Santorini.

Ég er að fara að frumsýna núna á föstudaginn í Borgarleikhúsinu. Þetta er farsí sem nefnist Viltu finna milljón eftir Ray Cooney. Þegar sýningum lýkur þar langar mig ofsalega mikið að skreppa til Santorini í viku eða svo. Þetta er fallegasta gríska eyjan. Hún er svona hvít og blá og það er stundum sagt að Atlantis rísi þar úr sæ. Þar að auki er ég alltaf að fara út með einhverjar skvísur í kvennaferðum með þeim Eddu Björgvins og Evu dóttur hennar. Ég fer svo örugglega eitthvert innanlands. Uppáhaldsstaðurinn minn á Íslandi er sveitin mín, Staðarsveitin, en þar átti Bragi afi minn, sem ég er skírð í höfuðið á, bæ sem hét Hofgarðar en núna Hoftún. Þar var ég í sveit.“

Davíð Smári Fer til Spánar með fjölskyldunni.

GAMA



ALL HIPPHOPPARI

Það fer Margrėti Gauju einstaklega vel að vera ófrísk



Hiphoppari „Vinrauður Adidas-hiphoppalli sem ég fékk gefins. Hann vekur alltaf upp í mér gamlan hiphoppara.“



Uppáhaldið „Þetta eru uppáhaldsstrigaskórnir mínir.“

Sumarlegur Grænn og bleikur kjóll með doppum. „Svala keypti hann í LA handa mér. Hún elskar að klæða mig upp og mála mig.“



Skart Margrét á safn af fallegum skartgripum.



Ný óléttuföt Kjóll úr ThopShop og jakki úr Vero Moda. „Mér finnst algjör snilld að þessar búðir séu komnar með óléttuföt fyrir lítinn pening.“



Mussa Þessi hvíta mussa úr Zöru hefur reynst Margrėti mjög vel.



Hippi Gamall hippa-kjóll. „Svala vinkona gaf mér þennan. Mér finnst líklegt að ég verði meira og minna í þessum svona í restina á meðgöngunni.“

fataskápurinn

Texti: Berglind Halla Elfuóttir

HVELLUR

...í einum grænum

Sláttuvélaverslun | Varahlutir | Verkstæði | Allt árið

SENTINEL



SPRENGITILBOÐ

Murray Sentinel 3.5hp

3.5 hefastu gerðarvél
51cm (20") stíðubreidd
Bruggi & Skrautur vél

19.990



Murray Sentinel 4hp

4 hefastu gerðarvél
51cm (20") stíðubreidd
70 lítra stíðunagaki
Bruggi & Skrautur vél
3 þvefþegar hækuvillingar

kr. 37.949
kr. 32.257

-15%



STÓR AFTURHJÓL

Murray Sentinel 5.5hp

5.5 hefastu gerðarvél
51cm (20") stíðubreidd
70 lítra stíðunagaki
Bruggi & Skrautur vél
K'hefstur og 12" stíður
7 hækuvillingar

kr. 54.954
kr. 46.200

-15%



Murray Sentinel 6hp

6 hefastu gerðarvél
51cm (20") stíðubreidd
88 lítra þaki
Bruggi & Skrautur vél
Skiðvarn
Furuvillingar
7 hækuvillingar

kr. 70.974
kr. 59.674

-18%

TOPPURINN

FRAMDRIFNI

FRÁBÆR VORTILBOÐ

Nýtt heimilsfang • Súðarvogur 6

BARA Í HVELLI!



Murray Sentinel TM5000

kr. 63.278
kr. 56.950

-10%



Murray Sentinel 12.5hp

kr. 203.907
kr. 241.043

-15%



Murray Sentinel 15.5hp

kr. 285.299
kr. 248.050

-16%

15.5hp gerðarvél
102cm (40") stíðubreidd
3 lítra
Bruggi & Skrautur OHV IC vél
Skiðvarn

Murray Sentinel 18hp

18hp gerðarvél
107cm (42") stíðubreidd
3 lítra
Bruggi & Skrautur OHV IC vél
Skiðvarn
Bruggi & Skrautur
12" hefstur og 22" stíður

kr. 395.814
kr. 356.233

-10%

TYRI Á ÖLLUM!



Lækkjó veði!

Murray Sentinel 20hp

20hp gerðarvél
117cm (46") stíðubreidd
3 lítra
Bruggi & Skrautur vél
Skiðvarn
3 lítra

kr. 438.000
kr. 394.200

-10%



HVELLUR

...í einum grænum

ALVÖRU FÓLK

Örið hans Björns Inga
orðið vörumerki

„Það fossblæddi og ég fékk djúpan skurð. Það vildi hins vegar svo vel til að amma mín, sem var leikskólakennari, gat gert að sárinu og saumaði það sjálf.“

v-ÖR-umerki!

BITINN AF HUNDI Í ÆSKU

Jú, ég er mikið spurður um þetta, örið er eiginlega orðið vörumerki mitt,” segir Björn Ingi Hrafnsson hlæjandi. Eftir að hann léttist um 17 kíló í miklu heilsuátaki á dögunum varð ör sem hann ber á hægri augabruninni áberandi. Hér & nú lék forvitni á að vita hvernig Björn fékk örið.

„Ja, þetta eru eiginlega tvö ör á svipuðum stað,” svarar Björn Ingi. „Það fyrra fékk ég þegar ég hljóp á hurðarkarm heima hjá ömmu minni. Það fossblæddi og ég fékk djúpan skurð. Það vildi hins vegar svo vel til

að amma mín, sem var leikskólakennari, gat gert að sárinu og saumaði það sjálf.“

Seinna örið fékk Björn með öllu alvarlegri hætti. Þegar hann var tíu ára var Björn í Hveragerði við smalamennsku. Smalahundurinn sem aðstoðaði Björn tók skyndilega stökk og beit hann í andlitið.

„Ég þurfti að fara í heljarinnar aðgerð enda var um tíma óttast um sjónina mína,” segir Björn. „Læknirinn sem framkvæmdi aðgerðina sagði að ef ég myndi ekki halda sjóninni yrði að lóga hundinum sem beit mig.

Til allrar lukku hélt ég sjóninni og hundurinn lífinu,” segir Björn sem er mikill dýravinur og hefur átt marga hunda í gegnum ævina.

Þessa dagana stendur Björn Ingi í ströngu enda fyrsti maður á lista framsóknarmanna í Reykjavíkurborg. Hann hittir fjöldann allan af Reykvikingum dag hvern og ræðir borgarmálin. „Maður er núna á stanslausum þeytingi enda kosningar á næsta leiti. Ég er feginn að kjósendur þekki nú söguna á bak við örið mitt,” segir hann hlæjandi að lokum.

HANNAR FÖT FYRIR NIKE

Vala Steinsdóttir, 26 ára, útskrifaðist úr fatahönnun frá London College of Fashion í fyrravör. Hún er nú á leið til Hollands þar sem hún mun vinna fyrir eitt þekktasta íþróttavörumerki heims við að þróa íþróttaföt.

Ég fór nú bara í þetta viðtal svona að gamni mínu, maður lærir svo mikið af því að fara í svona viðtöl,“ segir Vala. „Það er búið að vera nóg að gera hjá mér í frílansvinnu eftir að ég útskrifaðist svo ég var í raun ekki með neinar væntingar,“ heldur hún áfram. Þetta gekk þó eins og í sögu hjá henni. „Nike er að fara af stað með nýtt prógramm sem er kallað „management development program“. Útsendarar frá Nike fóru í bestu skólana í London, París, Amsterdam, Milanó og á fleiri stöðum og báðu kennara að mæla með nýútskrifuðum fatahönnuðum. Það voru sennilega um hundrað manns sem fóru í viðtal hjá þeim en að lokum völdu þeir 30 til að koma til Hollands í frekari viðtöl og buðu síðan 10 manns vinnu,“ segir Vala spennt.

Hún landaði vinnunni eftir langt umsóknarferli. „Þetta var frekar strembið í Hollandi. Það voru fjögur viðtöl á einum degi þar sem maður var grillaður með spurningum. Við vorum látin vinna saman í hópum og látin leysa ýmis verkefni á stuttum tíma og á meðan var



Gifta sig
Þorsteinn og Vala ætla að gifta sig í sumar.

fylgst með hverri hreifingu. Það var svolítið sérstakt að vinna svona með fólki sem þú ert að keppa við um vinnu en ég naut mín þó í botn.“

Fékk dilluna 18 ára

Vala fékk áhuga á fatahönnun þegar hún var 18 ára og saumaði mikið af fötunum sem hún gekk í og gaf systur og vinum af því sem hún hannaði. Hún kláraði bæði listabraut og handiðabraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og var einnig með stúdío ásamt þremur stelpum. Eftir það lá leiðin til London í frekara nám.

„Námið var þó ekki bara fatahönnun. Brautin hét Product Design and Development sem hún gekk í og gaf systur þannig að þú lærir allt frá a til ö um að koma flikum í framleiðslu og fatahönnunin er bara lítil partur af því. Maður lærir í raun að fara í gegnum allt ferlið svo maður geti stjórnað svona batteríi. Ég vildi læra allt í sambandi við þetta svo námið var eins og sniðið fyrir mig.“

Brúðkaup í vændum

Völu hefur gengið mjög vel eftir útskriftina og hefur verið að vinna skemmtileg verkefni


fyrir hin og þessi fyrirtæki. „Ég er meðal annars búin að hanna línu af golffatnaði sem ég er að koma í framleiðslu núna og er að vinna að því að hanna aukahluti fyrir ófrískar konur, en þetta er ekkert sem ég má tala um eins og er.“

Vala vann við að rannsaka og finna upp leiðir til að nota höggheft efni sem kallast D3O í íþróttafatnað og kom í framleiðslu fötum sem hún hannaði fyrir þróunarlið fyrirtækisins og aðstoðaði viðskiptavinum við að nota efnið.

Kærasti Völu, Þorsteinn Már Þorsteinsson, vinnur einmitt hjá D3O og sér þar um framleiðslu á efninu sjálfu. Vala hefur í nægu að snúast þessa dagana því hún er líka að fara að gifta sig. „Við Þorsteinn ætlum að gifta okkur í sumar í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Brúðkaupið verður 29. júlí og ég byrja svo að vinna í Hollandi strax 1. ágúst,“ segir Vala og hlær.

„Ég er rosa spennt fyrir þessu og það leggst bara vel í mig að flytja mig um set. Ég hef gaman af því að prófa eitthvað nýtt,“ segir hún að lokum.

Hér & nú óskar Völu góðs gengis með þetta spennandi verkefni.



**„Ég er meðal annars
búin að hanna línu af
golffatnaði sem ég er
að koma í framleiðslu
núna og er að vinna að
því að hanna aukahluti
fyrir ófrískar konur, en
þetta er ekkert sem ég
má tala um eins og er.“**

Heppin

„Það voru sennilega um hundrað manns sem fóru í viðtal hjá þeim en að lokum völdu þeir 30 til að koma til Hollands í frekari viðtöl og buðu síðan 10 manns vinnu.“

Kópavogshjón

Samúel og Ásta í HK-
og Breiðabliksbúning-
unum.

GIFTU/SIG ÓVÆNT Í GARÐINUM HEIMA

Samúel Örn
Erlingsson og
Ásta B. Gunn-
laugsdóttir
komu afmælis-
gestum heldur
betur á óvart
um helgina.



Fyrsti dansinn
Samúel og Ásta dönsuðu fyrst við Animals-smellinn House of the rising sun.

Það eru miklar sættir sem eru að takast með þessum félögum," segir íþróttafréttamaðurinn Samúel Örn Erlingsson sem um helgina gifti sig í HK-búningi, óvænt í garðinum heima. „Við erum búin að vera saman í tæpan aldarfjórðung, trúlofuðum okkur fyrir tuttugu og tveimur árum," segir Samúel. Þau Ásta B. Gunnlaugsdóttir eiga dæturnar Hólmfríði, sem er 22 ára, og Gretu Mjöll, sem verður 19 ára í haust.

„Við höfum alltaf haft mikið að gera. Við keyptum okkur íbúð og vorum fyrst með eina og svo tvær stelpur. Við vorum bæði á fullu í íþróttum og vinnu þannig að þetta tafðist alltaf aðeins," segir Samúel. Hann keppti í blaki með HK en Ásta var landsliðskona í fótbolta og lék lengi vel með Blikunum. „Hún var líka eiginlega fyrsta móðirin sem fór á fullt aftur í fótboltann eftir barneignir, vann sig aftur inn í landsliðið og gerði það gott," segir Samúel, greinilega stoltur af sinni konu.

Presturinn skellti sér í hempuna

Alltaf þegar Samúel og Ásta ræddu um giftinguna voru þau sammála um að hafa sem minnst tilstand. „Ásta sagði einhvern tíma að það væri réttast að við giftum okkur bara á vellinum. Svona hálf tíma fyrir leik væri fullt af fólki mætt sem gæti vottað, hún myndi svo bara spila leikinn og svo væri haldið parti á eftir," segir Samúel sem var á fullu með HK á þessum tíma. „Ekki væri verra ef að dómariinn væri líka prestur og hann gæti þá bara gefið okkur saman," rifjar Samúel upp.

Næstum aldarfjórðungi síðar lifnaði hugmyndin við í kringum afmæli Ástu, sem bauð í 45 ára afmæli um síðustu helgi. „Þetta átti bara að vera svona parti í húsinu og garðinum. Við létum svo bara slag standa og fengum sér Gunnar Sigurjónsson, sterkasta prest í heimi og vin okkar, til að mæta. Hann var gestur í veislunni og þegar þetta



Komin í betri fötin
Samúel og Ásta smelltu sér í betri gallann þegar líða tók á kvöldið.



Nýgift Það kom gestum á óvart þegar afmælisveislan breyttist í giftingarveislu.

„Þetta átti bara að vera svona parti í húsinu og garðinum. Við létum svo bara slag standa og fengum sér Gunnar Sigurjónsson, sterkasta prest í heimi og vin okkar, til að mæta. Hann var gestur í veislunni og þegar þetta skall á skaust hann upp, skellti sér í hempuna og kom svífandi niður."

Framhald á næstu síðu



Ó, María Systurnar Greta og Hólmfríður syngja lagið Ó, María, en það heyrst mikið í útvarpinu þessa dagana.



skall á skaust hann upp, skelti sér í hempuna og kom svífandi niður," segir Samúel, greinilega í hæstu hæðum yfir vel heppnuðum degi.

Dæturnar sungu

Samúel segir fólk hafa strítt þeim hjónum nokkuð í gegnum tíðina en þau hafi nú alltaf tekið þessu frekar rólega. „Þetta er nú einhver fjölskylduósiður í minni fjölskyldu. Amma og afi giftu sig til dæmis aldrei en bjuggu saman í meira en 50 ár.“

Þegar afmælisveislan tók þessa óvæntu stefnu flautaði séra Gunnar til leiks en eftir athöfnina, sem var yndisleg og falleg að sögn Samúels, tók nokkurs konar skemmtidagskrá við. „Það var mikil veisluhleði í mannskapnum sem lifði sig vel inn í þetta. Stelpurnar okkar sungu og spiluðu tvö falleg lög og fleiri síðar um kvöldið,“ segir Samúel.

Dæturnar vöktu mikla athygli fyrir vaska framgöngu í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrr í vetur. Greta söng lagið Ó, María, sem Hólmfríður útsetti og samið ásamt unnusta sínum Pálmari Erni Guðmundssyni. „Pálmari Örn spilaði með þeim í veislunni og Helgi sem starfar í söngskólanum sem Hólmfríður sækir,“ segir Samúel og greinilegt er að fjölskyldan lagði sig alla fram við að gera daginn sem eftirminnilegastan. „Það voru fleiri sem glöddu okkur með ýmsum hætti, ættingjar og vinir.“

Vildi hafa allan heiminn með mér

Greta hafði komist að því að foreldrarnir hefðu dansað í fyrsta skipti við gamla Animals-smellinn House of the rising sun. Hún söng lagið og Óðinn, kærastinn sun. Hún spilaði á gítar. Það mætti vel á annað hundrað manns í afmælisveisluna sem síðar varð að giftingu.

„Það fjölgaði töluvert á síðustu metrunum. Margir vinir okkar og nánasta fjölskylda tóku þátt í þessu með okkur. Þetta var algjörlega ógleymanleg stund. Allir sem komu að þessu gerðu það svo vel. Maður upplifði þetta svo sterkt, sem ég hélt einhvern veginn að myndi ekki gerast. Það eina sem ég hugsaði var að ég hefði viljað hafa allan heiminn með mér, alla vini mína fyrr og síðar,“ segir Samúel og nefnir að þau hefðu átt að vera löngu búin að þessu. „Þetta tók okkur ekki nema um tuttugu og fimm ár,“ segir Samúel og hlær.

Nú er það hins vegar kosningabaráttan sem tekur við en Samúel er í 2. sæti lista Framsóknarflokksins í Kópavogi. „Flokksfélagar mínir spurðu mig einmitt hvernig mér hefði dottið þetta í hug. Tímasetningin var kannski ekki sú besta, svona í miðri kosningabaráttu, en þetta var okkar dagur,“ segir Samúel Örn Erlingsson eldhress að lokum.

Fjölskyldan Samúel og Ásta með dætrunum Hólmfríði og Gretu Mjöll.



Frú Ásta Hjólin trúlofuðu sig fyrir tæpum tuttugu og tveimur árum.



„Það eina sem ég hugsaði var að ég hefði viljað hafa allan heiminn með mér, alla vini mína fyrr og síðar.“

Klíkan Ásta og Samúel með svarmönnum og sterkasta presti í heimi.





Gleði Það ríkti mikil gleði í brúðkaupinu sem fram fór úti í garði.

Afmælið breyttist í giftingu!

Dæturnar
Gréta Mjöll og Hólmfríður eru miklir söngfluglar.



Félagarnir á RÚV
Baldvin Þór Bergsson fréttamaður á RÚV fagnaði með Samúel.



MAFÍAN Í SAMSTARFI

Stuðningsmenn FH voru þeir bestu á síðasta sumri

„Við erum í samstarfi við Landsbankann og fáum aukamiða frá þeim sem þeir ætla ekki að gefa.“

Mafían Um 50–60 manns eru í kjarna Hafnarfjarðarmafíunnar.

Þetta byrjaði fyrir þremur árum þegar einn maður, Þórir Jónsson, sem er látinn núna, talaði við strák um að koma af stað stuðningshóp. Þetta hefur síðan stækkað og er alveg frábært,“ segir Matthías Karlsson, einn af strákunum í Hafnarfjarðarmafíunni. Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða stuðningsmannahóp knattspyrnulíðs FH sem hefur unnið Íslands-

meistaratitilinn tvö ár í röð. Á síðasta sumri var mafían valin besti stuðningsmannaklúbburinn en það er yfirleitt mikið stuð í kringum hópinn. Er alltaf hist fyrst á Áttunni í Hafnarfirði þar sem helstu söngvarnir eru æfðir og eru flestir í liðinu með sitt eigið lag. „Þeir verða samt að sanna sig fyrst til þess að fá lag,“ segir Matthías og hlær. Hafnarfjarðarmafían samanstendur af 50–60 manns kjarna en þeir

fara yfirleitt einnig á útileiki. „Við erum til dæmis nýkomnir heim frá Færeyjum sem var mjög gaman.“

Stuðningsmennirnir kaupa sér allir ársmiða sem kostar um 7 þúsund krónur. „Við erum í samstarfi við Landsbankann og fáum aukamiða frá þeim sem þeir ætla ekki að gefa,“ segir Matthías sem er með það á hreinu að FH hampi titlinum næst.

„Ég held að ÍA og Valur verði okkar helstu keppinautar. Svo eru menn alltaf að gleyma Fylki, ég held að þeir komi sterkir inn.“

Matthías er að vinna í Kapla-krika og því gallharður FH-ingur.

En hver þinn uppáhaldsleikmaður?

„Það er Óli Palli, Ólafur Páll Snorrason, sem leggur eiginlega upp öll mörkin og er frábær spilar.“

VIÐ LANDSBANKANN



Stemning Það var mikil stemning hjá maífunni á KR-vellinum í síðustu viku.



Flippari Þessi er með brjóstin á hreinu.



Áfram FH! Hafniróingarnir verða áberandi á pöllum í sumar.



Fimleikafélagið Mafan er í samstarfi við Landsbankann.



Fjör Það er yfirleitt mikið fjör á leikjum FH.

Mokka „Drukku kaffi á stéttinni fyrir utan Mokka og skelltu sér í nudd á Skólavörðustígnum.“

SUMARFRÍ Á LAUGAVEGINUM

Reykjavík fær svo miklu frjálsglegru ásýnd þegar sólin skín. Heimsborgarinn í hverjum einasta Reykivíkingi brýst fram. Það reyna flestir að skapa sér sælureiti við hús sín til að njóta sólarstundanna sem best. Það er af sem áður var að garðarnir voru helst notaðir til að þurrka þvott eða rækta kartöflur.

Ég veit um eldra fólk sem enn notar garðinn sinn bara á hagnýtan hátt. Sunnan megin við garðinn er risastór kartöflugarður og svo rífsberjarunnar í kring. Ekkert pláss fyrir fólk eða húsgögn. Þetta er kynslóðin sem gerði sér dagamun í góðu veðri með því að fara í helgarbítúr austur fyrir fjall eða Þingvallahringinn. Það var ekið í glaðasólskini og áð einu sinni í Eden eða í Grafningnum til að borða nesti.

Falleg útiparadís

Í dag viljum við vera úti við í góðu veðri og það er eins og það sé þegnskylda að eiga úti-grill, svo algeng eru þau. Þar sem áður voru skúmaskot með ruslatunnum eru nú víða sælu-reitir með sólstólum, blómakerjum og auðvitað grilli. Það er meiriháttar að ganga um miðbæinn og Þingholtin til dæmis og skoða hve víða er búið að breyta litlum skotum í fallega útiparadís.

Gefa sér tíma til að njóta

Og það þarf ekki að fara langt til að fara í spennandi helgarferð. Fleiri og fleiri konur sem ég þekki mæla sér mót við Hlemm eða Hallgrímskirkju eða aðra þekkta staði og eiga saman góðan dag við Laugavegin og Skólavörðustíg. Mæðgur,

vinkonur og aðrir skvísuhópar fara saman í svona bæjarferðir þessa dagana og versla, kíkja á sýningar, setjast á útikaffihús eða inn á veitingastaði. Þær máta fót í „second hand“ búðum eða hjá íslenskum hönnuðum, líta í tímarit í bókabúðum og njóta götulífsins sem er mjög liflegt núna.

Fólk er loksins farið að staldra við í miðbæ Reykjavíkur heilu og hálfu dagana eins og maður gerir í stórborgum erlendis. Það þarf ekki að fjúga yfir hafið til að gefa sér tíma til að vera borgarbarn sem röltir um stræti og gramsar í skrítnum og skemmtilegum sérværslunum. Þetta er allt komið hingað. Hér er líka matur og fólk frá öllum heimshornum. Maður þarf bara að gefa sér tíma til að vera til og njóta.

Frábær dagur

„Borgardætur“ fóru eitt sinn í skemmtilega bæjarferð í sjónvarpsþætti mínum. Þær voru „ferðamenn í einn dag“ í miðbænum. Byrjuðu á útsýnisferð í Hallgrímskirkjuturn. Skoðuðu höggmyndir í garðinum við Hnitbjörg. Drukku kaffi á stéttinni fyrir utan Mokka og skelltu sér í nudd á Skólavörðustígnum. Röltu í búðir og skoðuðu t.d. hönnun Maríu Lovísu og enduðu svo á því að borða humarsalat úti við Lækjarsbrekku. Þetta var frábær dagur.

Sumarið framundan

Vilji maður bara slappa af og fá lit á kroppinn og hita í vöðvana eru sundlaugarnar opnar frá því árla morguns og langt fram á kvöld. Og ef við erum ekki nógu ánægð með þetta tilboð á góð-

„Fleiri og fleiri konur sem
ég þekki mæla sér mót við
Hlemm eða Hallgrímskirkju
eða aðra þekktu staði og
eiga saman góðan dag við
Laugavegin og Skóla-
vörðustíg.“



Blue Shoes and Happiness

„Þar fer kvenspæjarinn Precious Ramotswe enn á kostum og færir okkur innsýn í lífið í Botswana svo mann langar virkilega að ferðast meira um Afríku.“

Laugavegur

Sirry kann betur við Laugavegin þegar sólin skín.

um sumardeggi fyrir aðeins 200 krónur má benda á að Kvenspæjarastofan – bók númer 7 er komin í bóka-búðir! Hún heitir „Blue shoes and happiness“ eftir Alexander McCall Smith. Þar fer kvenspæjarinn Precious Ramotswe enn á kostum og færir okkur innsýn í lífið í Botswana svo mann langar virkilega að ferðast meira um Afríku. En þangað til er hægt að ylja sér í heitu pottunum og lesa á sundlaugarbakk-anum um kvenspæjarann. Bókin kostar 2.000 krónur. Það eru óteljandi leiðir til að njóta íslenska sumars-ins. Lífið er gott. Og mikið er máimánuður frábær. Allt sumarið framundan.“

Kveðja,
Sirry@365.is

Sirry Þykir
gaman í sólinni.

Guðmundur Rúnar Lúðvíksson myndlistarmaður



Guðmundur Rúnar Lúðvíksson
Fyrsti Íslendingurinn sem tekur þátt í digital-sýningu í Rússlandi.

MEÐ DIGITAL SÝNINGU Í RÚSSLANDI

„Mér var boðið að taka þátt í stórrí digital sýningu í Rússlandi, einhvers staðar í rassgati,“ segir Guðmundur Rúnar Lúðvíksson myndlistarmaður. „Þetta er eitt-hvert risastórt safn rétt norðan við Moldavíu og er fjórum til fimm sinnum stærra en Hafnarhúsið.“

Guðmundur hefur verið lengi í bransanum en samhliða listsköpun sinni sér hann um veitingasölu í Golfskálanum í Leirunni. „Ég er fyrsti Íslendingurinn sem tekur þátt í svona stóru alþjóðlegu verkefni og þetta er mjög gaman,“ segir Guðmundur en verk

hans eru hlaðin ádeilu eins og hann segir. „Ég er að deila svoltið á Evrópu og hef verið að vinna mikið með betlara frá þessum löndum sem eru að detta inn í Evrópusambandið, Rússarnir eru líka í þessum jaðri.“

Guðmundur er einnig með tvær risastórar myndir af hrauni á Íslandi sem segja ekki neitt annað en að vera bara myndir. „Ég er búinn að sýna á öllum þessum stöðum heima og mikið erlendis. Þetta er þriðja árið í röð sem digital myndlistarmenn koma saman en þetta er styrkt af Epson og fleiri stórum fyrirtækjum.“

En hvað þýðir að vera digital listamaður?

„Þetta er svona hátæknisýning í myndlist. Svipað og í tímaritinu Computer Arts sem er partur af þessu. Menn eru að nota snertiskjá og allan þakann,“ segir Guðmundur en sýningin stendur út allan maí. Hann var ekki sjálfur viðstaddur opnun sýningarinnar á myndunum sem eru prentaðar á stóra striga. „Þetta er samt eiginlega ekki strigi og þeir höfðu aldrei séð svona áður.“

Hægt er að sjá fleiri verk Guðmundar á heimasíðu hans, 1og8.com.

Texti: Breki Logason

Betlari

Guðmundur vinnur mikið með betlara í verkum sínum.



Frækornið


Þetta er fallett verk eftir Guðmund.



Aðeins það besta fyrir baðherbergið



d line
Heimsklassa hönnun



ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



Fíðlugýðjurnar
Þessar fögru stúlkur léku á fiðlur í myndbandinu.

Strákarnir í Á móti sól eru tíu ára og tóku upp myndband

„Þetta er bara svo ógeðslega gaman að allt væl gleymist um leið og maður er kominn upp á svið.“



EF MAÐUR LÍTUR FRAMHJÁ HROKAN

Þetta er myndband við nýja útvarpssmellinn frá okkur, Hvar sem ég fer, sem hefur verið spilaður mikið í útvarpinu á síðustu vikum,“ segir Guðmundur Magni Ásgeirsson söngvari hljómsveitarinnar Á móti sól. Hér & nú fékk að fylgjast með upptökum á myndbandinu sem stóðu langt fram eftir nóttu.

„Þetta var hressandi. Við endursköpuðum bara upptökurnar því við vorum aðeins of seinir að fatta að vera með myndavél þegar við tókum upp lagið,“ segir Magni en þetta er

fyrsti singúllinn af plötu sem kemur út um jólin. „Við kláruðum eitt lag alveg og svo erum við með einhverja grunna sem við ætlum að klára í útlöndum, það ver voða mikið sport eitt-hvað núna að fara til útlanda.“

Góðir vinir

Hljómsveitin Á móti sól hefur spilað mikið í gegnum tíðina en hún er tíu ára á þessu ári. „Þetta eru svona tvær helgar í frí síðustu árin. Núna um páskana vorum við til dæmis fimm daga saman í rútu. Ef við værum ekki svona góðir vinir værum við lík-

lega búnir að drepa hver annan,“ segir Magni sem stundum skilur ekki hvernig hann nennir þessu.

„Ef maður nær að líta framhjá hrokanum og táfýlunni, þá er þetta fínt. Það er erfitt að útskýra fyrir fólki hvernig maður nennir þessu. Þegar maður vaknar með vöðvabólgu eftir þrjú kvöld í röð, þá hugsar maður sig tvisvar um. Þetta er bara svo ógeðslega gaman að allt væl gleymist um leið og maður er kominn upp á svið,“ segir Magni eldhress.

Ágústa rústar Eurovision

Magni er mjög spenntur fyrir Eurovision-keppninni en undankeppnin fer fram í kvöld. „Ég er búinn að hlusta á fólk ýmist dásama Ágústu eða væla en mér finnst þetta vera algjör snilld.

Þetta er besta leikkona sem við eigum og það eru ekki margir sem geta látið svona og haldið andlitinu allan tímann. Ég myndi springa úr hlátri og fá aumingjahroll eins og skot, en ég held hún eigi eftir að rústa þessu,“ segir Magni að lokum.



Hópurinn Hljómsveitin og fíðlugýðjurnar sem spila í laginu.



Allt á fullu Lagið Hvar sem ég fer hefur fengið mikla spilun.



Magni Ásgeirsson Söngvari hljómsveitarinnar prófar sig áfram með græjurnar.

NUM OG TÁFÝLUNNI ER ÞETTA FÍNT



Allt í lagi Hljóðmaðurinn sér til þess að allt sáandi vel.



Tíu ára Hljómsveitin Á móti sól er tíu ára á þessu ári.

Halli Bachmann og strákarnir í Oxford verða áberandi í sumar.



Oxford Hljómsveitin ætlar að taka sveitaballamarkaðinn í sumar.

VIÐ ERUM FYRST OG FREMST

Við erum allir frá Selfossi og erum búnir að spila saman í tæp þrjú ár,“ segir Halli Bach, trommuleikari hljómsveitarinnar Oxford sem vakíð hefur nokkra athygli undanfarið. „Þetta var þannig að það var strákur sem setti saman hljómsveit til þess að frumflytja eftir sig lag í Djúpu lauginni. Hann ætlaði að vera áfram en stakk svo af út á land án þess að láta nokkurn vita. Við reyndum að ná í hann en ekkert gekk, þannig að við spiluum bara einir á Þjóðhátíð um sumarið,“ segir Halli um upphaf hljómsveitarinnar. Strákarnir spiluðu svo aftur á Þjóðhátíð í fyrrasumar og enduðu hátíðina á mánudagsmorgninum. „Að vera uppi á sviði á sunnudagskvöldinu í Herjólfsdal er eitthvað sérstakt.“

Vonarstjórnur

Lagið Þráin hefur verið mikið spilað á útvarpsstöðinni FM957 undanfarið og lag úrmer tvö er að detta í spilun í útvarpi. „Það heitir Bleikt og blátt og er aðeins komið í spilun. Við reynum að taka upp svona tvö lög í einu og reynum að tina þetta inn.“

Margir hafa talað um að Oxford verði ein af aðalhljómsveitunum í sumar og hafa menn úr bransanum töluvert talað um sveitina. „Við erum að vona að svo verði og stefnum auðvitað á að gera góða hluti. Dr. Gunni sagði þetta líka í DV, sem okkur þótti vænt um, það eru allavega einhverjir sem hafa trú á okkur,“ segir Halli og hlær.

Þótt strákarnir séu að keyra á frumsömdum lögum líta þeir fyrst

og fremst á sig sem stemmingsband. „Við spilum allt frá gömlu rokki og upp í popp í bland við smá þungarokk. Við spilum eiginlega hvað sem er, helst nýja smelli í bland við gamla. Við erum bara gott ballband,“ segir Halli og bætir við að tónlistarbransinn sé mjög misjafn í dag, þar sé margt gott en líka margt lélegt.

Bakterían frá brósa

Halli er bróðir Skítamóralstrommarans fjallmyndarlega Hanna Bachmann og vinna þeir meðal annars saman í ljósabúðinni Rafkaup í Ármúlanum. „Það hefur alltaf verið mjög gott samband á milli okkar Hanna og kannski svoltið honum að kenna að ég fór að tromma. Hann fékk þabba alltaf til að stilla fyrir sig

settið úti í skúr og maður byrjaði að fíkta,“ segir Halli en faðir strákanna er Óli Bach úr Logum sem er hvað frægastur fyrir að syngja Minningu um mann. „Ég keypti svo mitt fyrsta sett fyrir fermingarpengana. Ætli ég hafi ekki byrjað að tromma svona ellefu ára.“

En hvor er bróðirinn er betri?

„Hanni er með meiri reynslu. Fleiurum finnst hann örugglega betri en ég hef nú alveg heyrt hvorutvegja. Hann er samt mjög góður og ég myndi segja besti popptrommari landsins,“ segir Halli Bach að lokum eldhress og tilbúinn að taka sumarið með trompi.

Sjóðheitir!



Halli Bachmann
Trommuleikari Oxford
og bróðir Hanna úr
Skítamóral.



IST STEMMINGSBAND



Nýtt lag „Það heitir Bleikt og blátt og er aðeins komið í spilun. Við reynum að taka upp svona tvö lög í einu og reynum að tína þetta inn.“

„Við erum að vona að svo verði og stefnum auðvitað á að gera góða hluti. Dr. Gunni sagði þetta líka í DV sem okkur þótti vænt um, það eru allavega einhverjir sem hafa trú á okkur.“


Þorgeir Ástvaldsson talar um Grace Kelly, Hubble og samband sitt við framliðna.

Barnungur í Gilsbakkapulu

1. „Kom fyrst fram opinberlega barnungur í Gilsbakkapulu með skólasystkinum mínum í Langholtsskóla fyrir 48 árum.“

Handtekinn í jóla-sveinabúningi

2. „Er annar tveggja íslenskra jólasveina sem hafa verið handteknir af lögreglunni í Reykjavík. Ástæðan var ekki óspektir á almannaferi heldur vorum við, Stúfur og Hurðaskellir, að gefa þingmönnum epli fyrir DV. Þetta var um jólaleytið 1982.“



Dulinn áhugi

3. „Ég er haldinn duldum áhuga á grasafærði og hómópatíu.“

Myndun útlagastjórnar

4. „Átti þátt í myndun útlagastjórnar Íslands á Ítalíu árið 1980.“

Hitti Grace Kelly

5. „Þegar ég var unglingur hitti ég Grace Kelly fyrstynju af Mónakó í Hafnarstrætinu.“



Tala við besta vin minn

6. „Ég tala oft við besta vin minn sem dó fyrir 26 árum.“

Söng óvart inn á plötu

7. „Ég prufusöng lagið Ég fer í friði, sem Raggi Bjarna átti að syngja. Fékk svo sjokk þegar ég frétti að það hefði verið látið standa. Ég hef aldrei verið álitinn mikill dægurlagasöngvari.“



Formaður mannanafnanefndar

8. „Mig langar svakalega mikið að verða formaður mannanafnanefndar.“

Hrifinn af gismói

9. „Ég er svakalega



hrifinn af öllu gismói án þess að hafa hundsvit á því. Það er oft gaman að hafa ekki hundsvit.“

Langar í sumarhöll


10. „Það er fyrir sögn úr draumi mínum að mig langar í sumarhöll. Helst 20 herbergja á beinu

10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

HANDTEKINN FYRIR AÐ GEFA ÞINGMÖNNUM EPLI

sambandi við Hubble. Þá get ég setið í herbergi 19 og horft á geiminn.“



60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

Fjór hjóladrifinn

Fjór hjólastýrður

Lyftigeta: 3.400 KG

Lyftihæð: 6.050 MM

Gafflar: 1.200 MM

Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ

LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAPJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager



PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.

Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-mail: pon@pon.is

SKEMMTU FGASTA

SPURNINGAKEPPNI

SPURNINGAKEPPNIN SPURDU VIN ÞINN



1. Hvað heitir kappaksturinn sem Jón Ásgeir og félagar tóku þátt í á dögumun?
2. Hver er eini vöðvi líkamans sem aðeins er festur í annan endann?
3. Hvað hét karakter Johns Travolta í kvikmyndinni Pulp Fiction?
4. Hvaða Bítill heldur á trompeti framan á Sgt. Pepper-plötuúmslaginu?
5. Hvaða fræga fjölmiðlakona á Íslandi fæddist með ellefu tær?
6. Eftir hvern er bókin Tómas Jónsson - metsölubók?
7. Um hvern var sagt: Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur?
 8. Hvernig hund á Britney Spears?
 9. Hverrar trúar er Amish-fólk?
 10. Hver er samræðisaldur á Íslandi?
 11. Hvaða ár varð kjarnorkuslysið í Tsjernobyl?
 12. Hver skrifaði bókina Svalasta 7an?
 13. Hvað heitir eiginmaður Elísabetar Englandsdrottningar?
 14. Hvað þýðir latneska orðasambandið „per se“?
 15. Hver er landsliðsmarkvörður íslenska landsliðsins í knattspyrnu?
 16. Hver framleiðir súkkulaðið Hitt?
 17. Hver leikur vonða kallinn í M:i:III?
 18. Með hvaða liði leikur Garðar Gunnlaugsson kærasti Ásdísar Ránar?
 19. Hvað heitir nýja veðurfréttakonan á NFS?
 20. Hvað þýðir að vera með kameltá?



Meðalskorið í þessari spurningakeppni er **14**

RÉTT SVÖR

12. Þorgirumur Þráinsson
13. Phillip
14. Ut af fyrir sig; í sjálfu sér; sem slíkur
15. Arni Gautur Arason
16. Freyja
17. Phillip Seymour Hoffman
18. Val
19. Sigríður Ólafsdóttir
20. Þegar nærþuxur eða þuxur skerast upp í kvenmannsklof

1. Gumball 3000
2. Tungan
3. Vincent Vega
4. Ringo Starr
5. Sigríður Arnardóttir (Stirny)
6. Gúðberg Bergsson
7. Jón Sigurðsson
8. Chihuahua
9. Kristið
10. 14 ár
11. 1986

BROSKALLARNIR BYRJAÐIR

Ég sé að við erum báðir
tímanlega í að
undirbúa
kosningabrosið.

Fallegt bros,
falleg borg.




HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.33



1	2	3		4	5	6			
7			8		9		10		
		11		12					
	13	14		15		16			
19				20	21			22	
24			25		26			27	
	29			30			31		32
34			35			36		37	
		41					42		43
45	46				47			48	
50			51	52		53			54
			56		57		58		59
						61			62
			63					64	



LÁRÉTT

- 1 HLUÐI VERKFERIS (3)
- 4 MÆLIEINING (3)
- 7 ÍÞRÓTTAFÉLAG (4)
- 9 SEGI UPP (3)
- 11 ALDRADUR (6)
- 13 SVEIGUR (4)
- 16 JAPLA (5)
- 17 SKÓLI (2)
- 19 ÞÖGN (3)
- 20 VIÐBÓT (4)
- 22 VESÆLL (5)
- 24 VEITTU EFTIRFÖR (4)
- 26 EINSÖNGUR Í ÓPERU (4)
- 28 TÓNLISTARTEGUND (4)

- 29 FIMUR (5)
- 31 HAMFLETTA (3)
- 33 ÖFUG RÖÐ (2)
- 34 KYRRÐ (2)
- 35 KÖNNUN (4)
- 37 ÓHREINKA (3)
- 39 KRINGUM (2)
- 41 ÞAÐ SEM ÉG Á (6)
- 43 PIRRA (5)
- 45 GUÐ (3)
- 47 SKÖMM (4)
- 49 Í RÖÐ (2)
- 50 PÓLL (5)
- 53 SVELGUR (3)
- 54 MÁLMUR (4)

- 56 NYTSEMI (3)
- 58 LOKAR DYRUM (4)
- 60 TVEIR EINS (2)
- 62 RÁ (3)
- 63 LOSA VIÐ SNÍKJUDÝR (6)
- 64 ÓMARGIR (4)

LÓDRÉTT

- 1 MIKILL ÁKAFI (4)
- 2 TVEIR EINS (2)
- 3 STARFSGREIN (3)
- 5 FLÝTIR (4)
- 6 VÆNDISKONA (5)

- 8 TITILL (5)
- 10 LANGT OP (5)
- 12 FYRIRMYND (5)
- 14 MERKI (4)
- 15 LEITA AÐ (2)
- 18 STRUNS (3)
- 19 SKAMMSTÖFUN (2)
- 21 AÐALSMANNS (6)
- 23 MED ÖÐRUM ORÐUM (3)
- 25 OFAN Á (4)
- 27 FÆÐA (3)
- 30 SARG (3)
- 32 SVIF (3)
- 34 REINGINGLEGUR GANGUR (4)

- 36 LIPURÐ (4)
- 38 ÓBEIT (5)
- 40 FÁLIÐAÐUR (7)
- 41 JAFNVEL (3)
- 42 STJÓRNARADSETUR (6)
- 44 MERÐ (3)
- 46 KLAFI (2)
- 48 KVABBA (5)
- 51 NÝJA (4)
- 52 GRASPÖKUR (4)
- 55 VEIÐI (4)
- 57 BLEKKING (3)
- 59 GUÐ (2)
- 61 ÞREYTA (2)
- 62 DREIFA (2)

Taktu þér tak!



**Ertu á aldursbilinu
16 til 30?**

Viltu ná kjörþyngd?



**Sumarnámskeið
hefst 21. maí**

Skráning hafin!

**Vertu velkomin í
okkar hóp!**

EFLIR almannatengsi / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Hafðu samband!

**www.jsb.is
sími 581 3730**

DANSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

hér&nú

STÚLKAN

**Móeiður Sif
Skúladóttir
18 ára**

H&N-mynd Sigurður V

Móeiður Sif Skúladóttir er Keflvíkingur í húð og hár. Hún stundar nám á félags- og listabraut í Fjölbautaskóla Suðurnesja. „Það gengur bara mjög vel og ég ætla að vinna hjá IGS í sumar,“ segir Móeiður sem alltaf er kölluð Móa. IGS er hluti af Flugleiðum og verður hún í flugeldhúsinu.

„Ég ætla að reyna að fara eitthvert í sól í sumar en hef ekki ákveðið hvert,“ segir Móeiður sem er á lausu. „Sætustu strákarnir eru ekki úr Keflavík.“

SUMARTILBOÐ DRAUMARÚMA!

Í TILFNI SUMARSINS BJÓÐA DRAUMARÚM ÖLLUM VIÐSKIPTAVINUM
SÍNUM ÞESSA ÁVÍSUN SEM INNBORGUN Í RÚM AÐ EIGIN VALI.

Klipptu út ávísunina og komdu í verslun okkar að Bæjarlind 4, Kópavogi. Veldu þér síðan eitt af okkar glæsilegu
rúmum með 10.000 kr. innborgun.

IBIZA BECAMA 90*200



verð kr. 56.000
eða kr. **46.000** með
10.000 kr. afslætti

IBIZA RÚM 90*200



verð kr. 42.000
eða kr. **32.000** með
10.000 kr. afslætti

Gildir ekki með öðrum tilboðum



DRAUMARÚM

Bæjarlind 4, Kópavogi Sími: 534 5200

0 1 2 3

www.draumarum.is

REIKNINGSNÚMÉR 0001

KR. **10.000-**

GREIÐIÐ GEGN
TÉKKA ÞESSUM HANDHAFA

KRÓNUR - TÍUPÚSUND KRÓNUR - innborgun í rúm -

GILDIR TIL 31. ÁGÚST 20 06

DRAUMARÚM

RÁK FYRIR TÖLVULETUR - GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

0 1 2 3 4 5 6 + 0 6 < 1 2 3 4 5 6 >

Tékkannr.

Fl.

Banki.Hb.



LAMISIL®

TERBINAFINE

...einu sinni á dag í eina viku drepur fótssveppinn



Klæjar þig í tærnar?

Gætu það verið fótssveppir?

Fæst án
lyfseðils

**Einu sinni á dag
í eina viku
drepur fótssveppinn!**



ARMARSON.TK - LAM-003-010405

Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en Lamisil er borið á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þekji allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadrepani (fungisíð) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu ("lifrabrúnnir blettur"). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.



Vectavir á frunsuna

Handhæg vörn, þægileg í veskið.



Fæst án
lyfseðils!

Viltu losna við frunsuna?

Vectavir verkar frá byrjun einkenna.


Vectavir verkar einnig á blöðrum.

Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.

Vectavir krem 2 g án lyfseðils.

Vectavir ... í veskið!

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciclóvir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreyfslu, kvef eða innflúensu eða í mikilli sóli (t.d. á skiðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclóvir, famciclóvir eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttest. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



Ferð þú til **Rómar**

í boði Nicotinell og Lyfju?

Enn er tími til að skrá sig í átakið **Viðbúin, tilbúin, stopp** og slást í hóp þeirra rúmlega 800, sem þegar eru hættir eða hafa tekið ákvörðun um að hætta að reykja. Farðu inn á **vidbuin.is** og kynntu þér málið nánar. Heppinn þátttakandi vinnur lúxusferð til Rómar fyrir tvo og það gæti hæglega verið þú ef þú skráir þig í átakið, og ert sannanlega reyklaus 31. maí (**reyklausa daginn**), en þá verður Rómarferðin dregin út.



Skelltu þér á **vidbuin.is**
og skoðaðu málið nánar!

Nicotinell®

